1. Hvernig ákveðið þið hvaða áhrifavalda er best að vinna með? Og hvaða þætti teljið þið vera mikilvægastir við val á áhrifavöldum fyrir markaðsherferðir?
2. Passið þið að vörurnar sem þið auglýsið séu á sviði áhrifavaldsins sem þið vinnið með?
3. Þegar þið hafið notað áhrifavaldamarkaðssetningu, hvaða markhóp eru þið helst að reyna að ná til og þá á hvaða aldursbili?
4. Kemur það eitthvað á óvart hvaða markhópa þið hafið verið að ná til þegar þið notið áhrifavaldamarkaðssetningu?
5. Hvernig mælið þið áhrifin af því að nota áhrifavalda í markaðsherferðum þegar kemur að áhrifum á sölu eða vörumerkjavitund?
6. Hverjar hafa verið árangursríkar áhrifavalda markaðsherferðir hjá fyrirtækinu þínu og hvað gerði þær árangursríkar?
7. Hvernig passið þið að áhrifavaldarnir sem þið vinnið með passa við ímynd og stefnu fyrirtækisins?
8. Hvaða aðferðir teljið þið vera árangursríkastar þegar kemur að því að innleiða áhrifavaldamarkaðssetningu í heildarstefnu fyrirtækisins?
9. Hvað heldur þú að séu kostir þess að vinna með áhrifavalda í markaðsherferðum, samanborið við aðrar markaðsleiðir?
10. Hvernig náði þið að finna milliveg á milli þess að nota áhrifavalda markaðssetningu og annarra markaðsaðferða eins og kostaðar auglýsingar og notkun póstlista?
11. Hvernig mælið þið arðsemi áhrifavalda markaðsherferða og hvaða mælikvarða skoðið þið helst?
12. Hafið þið einhvern tíma staðið frammi fyrir einhverjum áskorunum í samstarfi við áhrifavalda og ef svo er, hvernig tókuð þið á þeim?
13. Hvernig sérðu fyrir þér hlutverk áhrifavaldamarkaðssetningar þróast í framtíðinni og hvaða áhrif heldurðu að það muni hafa á markaðssetningu á Íslandsmarkaði?
14. Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi samstarf við áhrifavalda?

Appendix B: Questionnaire Influencers

1. Hver eru þín helstu samstörf? Hvers konar áhrifavaldur ert þú?
2. Hvernig byrjaðir þú að starfa sem áhrifavaldur?
3. Hvar ert þú helst að auglýsa þín samstörf? Telur þú einhvern miðil vera áhrifaríkari en annar?
4. Hver er þinn helsti markhópur og þá á hvaða aldursbili?
5. Kemur það eitthvað á óvart hvaða markhópa þú hefur verið að ná til?
6. Hvernig vörur eða þjónustu hefur þú yfirleitt verið að auglýsa þá í samstarfi við fyrirtæki?
7. Hvað telur þú að geri meðmæli þín áhrifarík hvað varðar sölu á vörum sem þú auglýsir?
8. Hvernig nærð þú að halda í trúverðleika fylgjenda þinna á sama tíma og að auglýsa vörur?
9. Finnst þér mikilvægt fyrir þína fylgjendur að þú sért með einhverja sérstöðu?
10. Myndir þú auglýsa vöru sem er fyrir utan þitt svið?
11. Hvernig finnst þér áhrifavaldamarkaðssetning hafa þróast síðastliðin ár? Telur þú hana vera áhrifaríkari núna en hún var?
12. Hvernig sérðu fyrir þér hlutverk áhrifavalda þróast í framtíðinni og hvernig heldurðu að þetta muni hafa áhrif á hegðun neytenda og kaupvenjur?
13. Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi samstarf við fyrirtæki sem áhrifavaldur?

Appendix C: Questionnaire Survey

Kæri þátttakandi,

Þessi könnun er hluti af rannsókn fyrir B.Sc. ritgerð í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík og fjallar ritgerðin um áhrif áhrifavalda á kauphegðun neytenda á vörum.

Könnunin er nafnlaus og ekki er hægt að rekja svör til einstaklinga.

Þér ber ekki skylda til að taka þátt í rannsókninni og getur því hætt að svara könnuninni hvenær sem er, en þitt framlag er mjög mikilvægt fyrir þessa rannsókn.

Könnunin tekur aðeins 1-5 mínútur að svara.

Ef það eru einhverjar spurningar varðandi könnunina þá er velkomið að senda fyrirspurn á rakelsm20@ru.is eða rebekkah20@ru.is

Kærar þakkir fyrir þátttökuna, Rakel Sara Magnúsdóttir og Rebekka Berta Hanson.

1. Á hvaða miðlum tekur þú helst eftir auglýsingum? Veldu allt sem á við.

- Í fréttablaði
- Í sjónvarpi
- Í útvarpi
- Á samfélagsmiðlum
- Í hlaðvörpum
- Í vefauglýsingum
- Aðrir miðlar

2. Hvaða eftirfarandi samfélagsmiðil notar þú mest?

- Instagram
- Facebook
- Snapchat
- TikTok
- Twitter
- YouTube
- Annar miðill
- Ég nota ekki samfélagsmiðla

3. Ert þú að fylgja áhrifavöldum á samfélagsmiðlum?

Áhrifavaldur er einstaklingur eða hópur sem hefur eiginleika til að hafa áhrif á hegðun og skoðanir fólks. Áhrifavaldur getur t.d. verið þekktur aðili á samfélagsmiðlum, íþróttamanneskja, leikari, söngvari o.fl.

- Já
- Nei

4. Hver af eftirfarandi þáttum eru mikilvægastir fyrir þig í fari áhrifavalds þegar þú velur þér áhrifavald til að fylgja? Veldu allt sem á við.

- Trúverðugur
- Einlægur
- Skemmtilegur
- Virkur
- Viðkunnanlegur
- Þekking á efninu sem hann ræðir um
- Ég hef svipuð áhugamál og áhrifavaldurinn
- Annað:

5. Hvað af eftirfarandi ástæðum veldur því að þú fylgir áhrifavöldum á samfélagsmiðlum?

Veldu allt sem á við.

- Til að fá upplýsingar um vörur
- Til að fá afslætti eða tilboð
- Til að fylgjast með lífsstíl þeirra
- Til að fræðast um ýmsa hluti, t.d. tísku, heilsu, snyrtivörur eða tölvuleiki
- Annað:

6. Tekur þú mikið eða lítið eftir því að áhrifavaldar séu að auglýsa vörur á samfélagsmiðlum?

- Mjög mikið
- Mikið
- Hvorki mikið né lítið
- Lítið
- Mjög lítið

7. Eftir að hafa séð vöru auglýsta af áhrifavaldi, hefur þú farið og kynnt þér vöruna?

- Já
- Nei
- Veit ekki

8. Hversu líkleg/ur eða ólíkleg/ur ert þú að kaupa vöru sem áhrifavaldur auglýsir?

- Mjög líkleg/ur
- Líkleg/ur
- Hvorki né
- Ólíkleg/ur
- Mjög ólíkleg/ur

9. Hefur þú einhvern tímann keypt vöru sem áhrifavaldur hefur auglýst?

- Já
- Nei
- Veit ekki

10. Hvaða þáttur gerir þig mest líklega/n til að kaupa vöru sem auglýst er af áhrifavaldi?

- Afsláttarkóði
- Ítarleg meðmæli um vöru
- Varan sé á sviði áhrifavaldsins
- Þú lítur upp til áhrifavaldsins
- Trúverðugleiki
- Annað:

11. Ef áhrifavaldur sem sérhæfir sig í förðun og hár myndi auglýsa sjónvarp, hversu líkleg/ur eða ólíkleg/ur ertu að kaupa vöruna?

- Mjög líkleg/ur
- Líkleg/ur
- Hvorki né
- Ólíkleg/ur
- Mjög ólíkleg/ur

12. Ef áhrifavaldur sem sérhæfir sig í tölvuleikjum myndi auglýsa æfingateygjur, hversu líkleg/ur eða ólíkleg/ur ertu að kaupa vöruna?

- Mjög líkleg/ur
- Líkleg/ur
- Hvorki né
- Ólíkleg/ur
- Mjög ólíkleg/ur

13. Ef áhrifavaldur sem sérhæfir sig í lífsstíl og tísku myndi auglýsa fatnað, hversu líkleg/ur eða ólíkleg/ur ertu að kaupa vöruna?

- Mjög líkleg/ur
- Líkleg/ur
- Hvorki né
- Ólíkleg/ur
- Mjög ólíkleg/ur

14. Hvað af eftirfarandi vörum tengir þú við áhrifavald sem sérhæfir sig í förðun og hár?

Veldu allt sem á við.

- Snyrtivörur
- Hárvörur
- Tölvuleiki
- Föt
- Vítamín
- Matvörur
- Skartgripir
- Líkamsræktarvörur
- Tölvur

15. Hvað af eftirfarandi vörum tengir þú við áhrifavald sem sérhæfir sig í tölvuleikjum?

Veldu allt sem á við.

- Snyrtivörur
- Hárvörur
- Tölvuleiki
- Föt
- Vítamín
- Matvörur
- Skartgripir
- Líkamsræktarvörur
- Tölvur

16. Hvað af eftirfarandi vörum tengir þú við áhrifavald sem sérhæfir sig í lífsstíl og tísku?

Veldu allt sem á við.

- Snyrtivörur
- Hárvörur
- Tölvuleiki
- Föt
- Vítamín
- Matvörur
- Skartgripir
- Líkamsræktarvörur
- Tölvur

17. Hversu, sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi staðhæfingu: Ég tel að auglýsingar áhrifavalda hafi áhrif á kauphegðun mína.

Kauphegðun er hvernig neytendur haga sér þegar þeir kaupa vöru, þ.e. hvað þeir kaupa, hvar og hvenær þeir kaupa vöruna og hversu mikið þeir greiða fyrir hana.

- Mjög sammála
- Sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Ósammála
- Mjög ósammála

18. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu: Áhrifavaldur hefur haft áhrif á val mitt á vöru.

- Mjög sammála
- Sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Ósammála
- Mjög ósammála

19. Hvert er kyn þitt?

- Kvenkyn
- Karlkyn
- Kynsegin
- Vil ekki svara

20. Hver er aldur þinn?

- 17 ára eða yngri
- 18 - 25 ára
- 26 - 35 ára
- 36 - 45 ára
- 46 - 55 ára
- 56 - 65 ára
- 66 ára eða eldri

Appendix D: Interview with Arnar - Core's Marketing Manager

Sp 1: Hvernig ákveðið þið hvaða áhrifavalda er best að vinna með? Og hvaða þætti teljið þið vera mikilvægastir við val á áhrifavöldum fyrir markaðsherferðir?

Arnar: Það er mjög mismunandi eftir hvað við erum að gera, í dag ef við horfum aftur í tímann þá hefur áhrifavaldamarkaðssetning breyst rosalega mikið og ég held að það sem við vorum að gera fyrir einu ári eða þremur eða fimm árum séum við kannski ekki að gera í dag þannig að þetta breytist mjög hratt. Áhrifavaldarnir okkar eru íþróttafólkið okkar mest og þau hafa áhrif og eru svona okkar andlit, allavega fyrir NOCCO. Þannig að þegar við erum að velja íþróttafólk þá er alveg ítarlegt ferli sem við förum í og við viljum að þau passi við okkar ímynd og þeirra einkenni og að þeirra ímynd passi við það sem að við viljum koma á framfæri. Ég held að það sé alveg frekar ítarlegt ferli miðað við að við séum kannski að taka einhverja aðra vöru hjá okkur og erum með stóra herferð og ætlum að nota 2-3 áhrifavalda með, þá erum við ekkert í svona svaka grófu ferli að velja.

Rakel: Ertu að tala um driveout-ið þar sem þið keyrið og eruð að gefa?

Arnar: Nei sko, segum bara að við séum að fara í herferð fyrir t.d. Froosh og okkur vantar 2-3 áhrifavalda að þá erum við bara að velja einhverja sem við könnumst við af Instagram og erum aðeins að skoða en ef við erum að velja íþróttafólk til að vinna með sem við vinnum með allt að 12-24 mánaða samninga, þá er alveg frekar strangt ferli. Ég held að þegar við erum að ákveða hvaða áhrifavalda er best að vinna með þá er það bara mjög mismunandi og það fer eftir hvaða vörumerki við erum að nota, hvaða stíl við erum að leitast eftir, hvers konar skilaboð við erum að koma á framfæri þannig það eru svo mismunandi markmið eftir öllum herferðum.

Sp 2: Passið þið að vörurnar sem þið auglýsið séu á sviði áhrifavaldsins sem þið vinnið með?

Arnar: Já og nei, það stærsta sem við gerum er þetta íþróttafólk og NOCCO er á sviði íþróttafóks, alveg 100%. Það verður að vera þannig að íþróttamaðurinn noti NOCCO og sjái hag í því að vinna með okkur því að hann notar vöruna og hún hjálpar honum en ef að við erum með einhverjar önnur vörumerki eða aðrar herferðir þá svona já þetta þarf að passa en vörurnar okkar passa fyrir alla og það geta allir borðað Barbells stykki, þú þarft ekki að vera íþróttamaður, þú getur verið mamma

sem hefur mikið að gera og vantar millimál þá væri alveg hentugt að auglýsa. Ég held að vörurnar okkar passi mjög breiðum hóp.

Rakel: Telur þú þá NOCCO vera substitute vöru fyrir pre workout?

Arnar: Já, hún hjálpar fólki í pre-workout alveg klárlega en svo er bara neysla NOCCO í dag komin mikið í staðin fyrir kaffið eða eitthvað svoléiðis.

Sp 3: Þegar þið hafið notað áhrifavaldamarkaðssetningu, hvaða markhóp eru þið helst að reyna að ná til og þá á hvaða aldursbili?

Arnar: Það er eins og ég segi aftur, þetta er soldið óbein spurning. Við vinnum þannig að við erum með mörg vörumerki, NOCCO er bara eitt vörumerki hjá okkur. Við erum með Barbells, Vitamin Well, Froosh, snakk og nammi og alls konar þannig að þegar að við erum að fara í herferð fyrir eitthvað vörumerki hvort sem að það sé NOCCO eða eitthvað annað að þá er mismunandi markhópur eftir herferðinni. Þá reynum við að targeta áhrifavald sem að er með þennan markhóp sem við erum að reyna ná til í þeirri herferð. En ef við erum að horfa á íþróttafólkið okkar hjá NOCCO þá erum við að reyna ná til markhóps NOCCO sem er sirka 18-35 ára, ungt fólk sem er aktívt og lifir heilbrigðum lífsstíl. En til dæmis ef við værum með áhrifavaldamarkaðssetningu fyrir Froosh þá værum við kannski að targeta mömmur sem að eru að gefa krökkunum sínum Froosh í nesti sem er einn hópur en svo gæti annar hópur verið ungt fólk sem er að lifa hratt og hefur ekki tíma til að pæla í því hvað þau vilja í millimál eða léttan morgunmat og þá erum við að targeta þann hóp. Þannig þetta er mjög mismunandi eftir því hvað við erum að gera hverju sinni þannig það er kannski ekki bara eitt svar sem er rétt.

Rakel: En yfirleitt eruð þið ekki að fókusa á fólk yfir 18? Ég heyrði að það væri bannað að markaðssetja fyrir krakka þannig að þá væruð þið að reyna fókusera á foreldra þeirra.

Arnar: Nei við viljum ekkert ná til krakka yngri en 18 ára í neinu sem við gerum. En það gerist bara, en við beinum engum auglýsingum að þeim.

Sp 4: Kemur það eitthvað á óvart hvaða markhópa þið hafið verið að ná til þegar þið notið áhrifavaldamarkaðssetningu?

Arnar: Nei ekkert þannig sko, ekkert sem ég get bent á.

Sp 5: Hvernig mælið þið áhrifin af því að nota áhrifavalda í markaðsherferðum þegar kemur að áhrifum á sölu eða vörumerkjavitund?

Arnar: Það er rosalega erfitt að mæla það af því að við erum í þannig bransa að við seljum ekki vörunar okkar beint. Segjum að við værum með NOCCO síðu og værum að selja allar vörunar þar þá gæti ég mælt það soldið. Ég gæti þá mælt traffíkina, ég gæti verið með kóða o.fl. En við seljum allt í gegnum þriðja aðila, allt í gegnum verslanir. Þannig þegar þú ferð út í búð og kaupir þér NOCCO þá er rosalega erfitt að mæla, var það af því að þú sást þennan aðila með NOCCO eða var það því að þú sást sjónvarpsauglýsingu. Það er bara erfitt með alla miðla, það er ekki nema við séum að gera eitthvað mjög sérhæft og við tökum bara t.d. Hafnarfjörð og reynum að targeta bara Hafnarfjörð í auglýsingum og getum reynt þá að skoða söluna bara þar, en við gerum það ekkert, við erum bara alls staðar.

Sp 6: Hverjar hafa verið árangursríkar áhrifavalda markaðsherferðir hjá fyrirtækinu þínu og hvað gerði þær árangursríkar?

Arnar: Það er soldið erfitt að mæla hjá okkur, ef við erum að fara í herferð þá erum við að gera rosa margt, við erum ekki bara að vinna með áhrifavöldum heldur erum við að blanda og gerum sjónvarpsauglýsingar, vefauglýsingar, erum á strætóskýlum og tökum áhrifavalda með og svo mix þannig það er soldið erfitt að segja að tiltekin herferð var geggjuð því að við notuðum áhrifavalda. En NOCCO er svo stórt því það hefur verið auglýst rosalega mikið í gegnum samfélagsmiðla og í gegnum einstaklinga, hvort sem það eru áhrifavaldar eða íþróttafólk. Í gegnum tíðina síðan kannski 2015 þá höfum við unnið með tugi manns hvort sem það eru eiginlegir áhrifavaldar eða íþróttafólk, í dag erum við að vinna langmest bara með íþróttafólki og ég held að það sé besta dæmið um einhvern árangur af því að við höfum lítið verið í hefðbundnum auglýsingum fyrir það og höfum kannski farið í það núna í seinni tíð. Þegar Barbells kom á markað árið 2017 þá notuðum við bara einstaklinga á samfélagsmiðlum til að auglýsa og það tók okkur þrjár vikur til að þetta var mest selda próteinstykki á landinu og hefur verið mest selda síðan þá.

Sp 7: Hvernig passið þið að áhrifavaldarnir sem þið vinnið með passa við ímynd og stefnu fyrirtækisins?

Arnar: Bara í rauninni þegar við erum að velja fólkið, og þá viljum við að þau séu í takt við okkur og það sem við stöndum fyrir og svo erum við með leiðbeiningar. Þegar við erum að vinna með einhverjum þá fá þau leiðbeiningar frá okkur hvernig við viljum að sé unnið. Svo er þetta líka samtál á milli þannig að þetta þarf að vera skipulagt en ekki bara henda vöru á einstaklinginn og segja þeim að gera bara eitthvað.

Sp 8: Hvaða aðferðir teljið þið vera árangursríkastar þegar kemur að því að innleiða áhrifavaldamarkaðssetningu í heildarstefnu fyrirtækisins?

Arnar: Þetta er mjög mismunandi eftir því hvað við erum að gera. Ég held að stutta svarið er að þegar við erum að fara í herferðir eða auglýsa einhverja vöru þá sitjumst við niður og reynum að skipuleggja hvað við viljum gera. Stundum viljum við nota áhrifavalda og stundum ekki. Stundum eru þeir of dýrir eða stundum finnum við bara ekki réttu áhrifavaldana.

Rebekka: Hvað eruð þið með margar herferðir í gangi á sama tíma?

Arnar: NOCCO er allt árið því það er stórt vörumerki og það er alltaf eitthvað í gangi. Svo erum við með minni vörumerki sem eru kannski í 2-3 stórum herferðum á ári en sum eru bara í einni stórri herferð, það er bara rosa mismunandi. Það fer bara eftir stærð vörumerksins og hvaða budget þú hefur fyrir hvert vörumerki. En ef við tölum út frá NOCCO að þá er NOCCO drifið áfram af samfélagsmiðlunum, þeir eru lifandi 24/7, við erum alltaf að pósta á Instagram, við erum á TikTok, við erum alltaf að gera eitthvað og við auglýsum alla daga í gegnum samfélagsmiðlauglýsingar á Facebook, YouTube, Instagram, Google og þær eru bara alltaf í gangi. Svo koma 3-4 nýjar bragðtegundir á ári þá tökum við soldið keyrslu í herferðum. Í Janúar þá var handboltalandsliðið okkar að keppa á HM og NOCCO var helsti styrktaraðilinn úti og við vorum helsti styrktaraðilinn að sjónvarspefninu hérna heima þannig að þá vorum við í stórri herferð. NOCCO er það lifandi vörumerki að við erum ekkert með ákveðið „okei við ætlum að hafa stóra herferð þrisvar á ári“. Það er bara ef við sjáum tækifærið þá keyrum við það á það. Jólin eru líka stór herferð fyrir NOCCO útaf Sveinka. Þessi jól voru stærstu jólin okkar frá upphafi þannig að það er tímasetning sem maður myndi halda að NOCCO ætti kannski ekki að vera í herferð. Aðrir drykkir á okkar markaði eru kannski ekki að gera neitt þá, það eru allir bara að spá í jólin og drekka kakó og eitthvað þannig þá erum við að nýta þann tíma til að koma með eitthvað. Ég myndi segja að það eru herferðir allt árið í kring.

Sp 8: Hvað heldur þú að séu kostir þess að vinna með áhrifavalda í markaðsherferðum, samanborið við aðrar markaðsleiðir?

Arnar: Þetta er öðruvísi leið því að þú getur komið öðruvísi skilaboðum á framfæri. Oft getur þú komið ítarlegri skilaboðum á framfæri og þetta hefur verið óauglýsingalegt og frekar náttúrulegt en það hefur samt breyst soldið núna því allir eru farnir að auglýsa og allir orðnir þreyttir á því.

Rakel: Finnst þér þið vera skipta á eiginleikum eins og þú tekur inn manneskju eins og Tönju, hún er ótrúlega skemmtileg, hress, alltaf brosandí, finnst þér þið vera taka inn hennar ímynd og öfugt?

Arnar: Já alveg klárlega og þetta horfum við líka soldið í þegar við erum að velja fólk, hvernig ímynd er hún með. Við viljum að hún sé með ákveðin einkenni sem eru einkennin okkar í NOCCO sé framúrskarandi, sé glöð, sé hress, sé ákveðin týpa og það eru eiginlega allir í liðinu okkar sem búa yfir ákveðnum eiginleikum og eru ekki feimin, out there, auðvelt að tengja við þau. Þetta eru svona einkenni sem við viljum búa til hjá öllum. En svo er þetta bara einn stór hópur þó þau séu öll svo ólík.

Rebekka: Eins og fyrir NOCCO, þá viljið þið þá helst að það sé íþróttafólk. Þannig þið matchið það alveg saman?

Arnar: Já íþróttafólk er alveg aðal. Við erum með sirka 30 manns í teyminu okkar núna. Sveindís er ein besta fótoltakona í heiminum en þú þarf ekki að vera ein besta fótoltakona í heiminum til að vera í teymi NOCCO. Við erum líka með einstaklinga sem eru ekki jafn frægir eða stórir á sínu sviði. Við erum fyrir alla, við viljum ekki vera exclusive fyrir einhvern smáhóp. Ef þú hefur draum og vilt leggja á þig þá eigum við samleið.

Sp 9: Hvernig náði þið að finna milliveg á milli þess að nota áhrifavalda markaðssetningu og annarra markaðsaðferða eins og kostaðar auglýsingar og notkun póstlista?

Arnar: Það er bara eins og við vorum að tala um áðan, þegar við erum að skipuleggja og setja upp herferð þá fer það bara eftir því hvað við erum með mikinn pening til að eyða í auglýsingar og hvert markmiðið er. Viljum við setja X mikinn pening í auglýsingar í sjónvarpið sem nær til þessa markhóps og gerir þetta eða viljum við setja meira í áhrifavalda sem ná til þessa einstaklinga og geta komið svona skilaboðum á framfæri. Þannig þetta fer eftir markmið herferðarinnar. Sumar

herferðir eiga alls ekki heima hjá áhrifavöldum á meðan aðrar eiga kannski mjög mikið heima þar. Þegar við erum að tala um svona vítt þá er soldið erfitt að pin-pointa eitthvað.

Rebekka: NOCCO vinnur mjög mikið með áhrifavöldum, hversu mikið af ykkar starfi prósentu eru áhrifavaldar versus venjulegt?

Arnar: Ef við tölum um íþróttafólk sem áhrifavalda og ef við myndum taka tímann sem við vinnum í kringum NOCCO, þá er það örugglega 70% sem fer í teymið okkar og 30% sem fer í eitthvað annað. Teymið okkar er miðjan okkar og allt sem við gerum er út frá teyminu, eins og handboltaherferðin okkar í janúar var mjög stór og mikil, en kjarninn var samt einstaklingarnir í teyminu okkar, þeir voru andlitið í herferðinni og allt er búið til í kringum þá.

Sp 11: Hvernig mælið þið arðsemi áhrifavalda markaðsherferða og hvaða mælikvarða skoðið þið helst?

Arnar: Arðsemin er erfitt að mæla eins og við sögðum áðan. Ef við erum að tala um árangurinn sem þetta skilar og hvað við notum til að mæla árangurinn þá er þetta erfitt að skoða útaf þeim bransa sem við erum í en við getum alltaf skoðað árangurinn eftir á og tölur eins og hvað er reachið og hvað er engagementið og svona, og það er það sem við skoðum helst. Við getum ekki trackað söluna útaf því við erum ekki að selja neitt beint. En ef við tölum um „bugetið“ þá er það bara mjög mismunandi, t.d. Helgi Ómars tekur mikið meira en einhver gaur í HR sem er smá vinsæll.

Sp 12: Hafið þið einhvern tíma staðið frammi fyrir einhverjum áskorunum í samstarfi við áhrifavalda og ef svo er, hvernig tókuð þið á þeim?

Arnar: Þetta er fullt af áskorunum en helsta áskorunin er t.d. þegar þú auglýsir í sjónvarpi þá ert þú að búa til auglýsinguna og þú veist nákvæmlega hvernig hún er og þú sendir hana frá þér, þú stjórnar henni. En þegar þú ert með áhrifavalda þá er það undir þeim komið að auglýsa fyrir þig. Er auglýsingin við hæfi? Er hún birt þar sem að þú vilt að hún sé birt? Er hún að segja það sem þú vilt að hún eigi að segja? Þess vegna erum við með mjög skipulagt ferli oft á tíðum, um hvað viljum við og hvað við viljum ekki. En svo viltu líka leyfa fólkinu að stjórna því soldið sjálfst svo að það sé trúverðulegt. Svo er líka það að passa að þú sért með NOCCO en sért svo ekki með RedBull í næstu mynd, þetta þarf að vera trúverðulegt, við erum ekki að fara borga einhverjum til að auglýsa og svo er hann farinn að gera eitthvað annað með öðrum.

Rakel: En hefur aldrei verið samskiptaörðugleikar sem hefur þurft að taka á?

Arnar: Nei, ekki sem ég man eftir.

Rakel: Það er magnað, það er það sem maður heyrir að sé mesta vesenið eins og erfiðleikar með að finna tíma, þurfa fresta og breyta skipulagi o.s.frv.

Arnar: Jújú, það þarf alltaf að gera það en við erum vön því og erum mjög flexible. Við finnum alltaf einhverja leið, þetta eru svo margir mismunandi einstaklingar.

Sp 13: Hvernig sérðu fyrir þér hlutverk áhrifavaldamarkaðssetningar þróast í framtíðinni og hvaða áhrif heldurðu að það muni hafa á markaðssetningu á Íslandsmarkaði?

Arnar: Þetta er að breytast ógeðslega hratt og breytist í takt við samfélagið svo hratt. Áhrifavaldamarkaðssetning hefur alltaf verið til, en hún er bara svo rosalega sýnileg núna þegar að samfélagsmiðlarnir komu og aðgengið að einstaklingum er svona mikið. Ég myndi alveg segja að það sé áhrifavaldamarkaðssetning þegar David Beckham var að auglýsa fyrir Pepsi árið 2005, þá var verið að nota áhrifavald sem andlit vörumerkis sem á að búa til einhver áhrif. En með þessa samfélagsmiðla kynslóð, aðgengið að fólki og öllum þessum upplýsingum, við erum að neyta svo ógeðslega mikið af efni að ég held að það sé að fara vera meira og meira og meira. Ég veit ekki nákvæmlega hvernig þetta verður en þetta verður alltaf til staðar. Ég held að það muni þurfa enn meira skipulag og enn meiri þælingar. Fólk heldur oft „já við notum bara einhverja áhrifavalda til að auglýsa og að þetta verður vinsælt“ en það er ekkert svoleiðis. Þannig ég held að það verði bara erfiðara og erfiðara.

Rebekka: Það er sagt að maður sjái 11.000 auglýsingar á dag, finnst ykkur erfitt að vera sýnileg/áberandi á meðal allra auglýsingana?

Arnar: Það er alveg krefjandi og þú þarf að vera sniðugur og skapandi, það er ekki nóg að taka mynd af þessu og henda því út um allt, þú þarf að gera eitthvað sem fólk tengir við og búa til einhverja sögu.

Rebekka: Finnst þér það erfiðara núna en það var?

Arnar: Á samfélagsmiðlum, já klárlega. Þegar við byrjuðum þá vorum við svo ný, önnur fyrirtæki voru svolítið hrædd að fara selja á meðan við kannski ruddum veginn. Ég held að það voru fáir að vinna með áhrifavaldamarkaðssetningu árið 2015 þegar við komum með NOCCO, en í dag eru allir að því. Það var auðveldara að ná í athyglina þegar að það voru færri að bítast í hana.

Rebekka: Þannig þú myndir segja að áhrifavaldamarkaðssetning er stærri í dag en hún var?

Arnar: Já hún er stærri og örugglega meiri velta á þessum markaði, miklu fleiri að auglýsa og miklu fleiri vörumerki og fyrirtæki. En þau eru líka að neyta miklu meira efni. Fyrir fimm árum þá varstu kannski klukkutíma á Instagram á dag en núna ertu kannski í þrjá tíma og tvo tíma á TikTok.

Rakel: Þú minntist á David Beckham, telur þú í rauninni vera sama hugmyndin að nota áhrifavalda og fræga einstaklinga?

Arnar: Þetta er svona svipað concept, áhrifavalda eru bara þeir sem eru frægir. Þeir hafa áhrif því þeir ná til margra. Þetta er allavega ekki ólíkt.

Rakel: Við erum að reyna að tengja þetta saman því íslandsmarkaður er eiginlega bara með áhrifavalda en ekki beint þessu frægu „A-listers Hollywood vibe“. En okkur finnst skilgreinigarnar eiginlega þau sömu.

Arnar: Þetta er svipað, þetta er þetta concept að þú vilt fá einhvern frægan til að dreifa boðskapnum því að fólk elskar þennan fræga einstakling. En eins og hjá okkur, þá eru ekki allir ógeðslega frægir í teyminu okkar, þetta eru ekkert allt fólk sem eru með 10, 20, 30 þúsund fylgjendur, sumir eru bara með þúsund. En þau eru með draum sem eru í takt við okkar draum. Eins og t.d. Vildís sem þú þekkir, ekkert margir sem vita hver hún er en kannski fleri núna því við erum að vinna með henni. Við erum að hjálpa henni að koma sér á framfæri og það kannski opnar fleiri tækifæri. Á meðan kannski Ómar Ingi, eitt af bestu handboltamönnum í heiminum, sjúklega vinsæll í handboltaheiminum. Við erum allra.

Sp 14: Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi samstarf við áhrifavalda?

Arnar: Kannski bara þetta að áhrifavaldur er oft horft á sem eitthvað neikvætt en ég lít á íþróttafólkið okkar sem áhrifavalda. Þetta er oft neikvæð umræða. En hvað er áhrifavaldur, eru ekki allir áhrifavalda? Þú hefur einhver áhrif í þínum vinahóp kannski.

Áhrifavaldamarkaðssetning er líka mikið tengd word of mouth sem er eitt sterkasta tól í markaðssetningu. Ef þú kemur einhverju „word of mouth“ í gang, og um leið og neytandinn þinn er orðinn sá sem er að auglýsa vöruna þína þá er það mjög sterkt. Ég held að við höfum soldið gert það í gegnum markaðssetningu á samfélagsmiðlum.

Rebekka: Finnst ykkur erfitt að ná til þeirra sem eru miðaldra og upp sem skilja kannski ekki áhrifavaldamarkaðssetningu og halda því fram að þetta hafi ekki áhrif á þau?

Arnar: Já það er það náttúrulega, af því að þeir eru kannski ekkert jafn mikið á samfélagsmiðlum þannig það er erfiðara að ná til þeirra í gegnum samfélagsmiðla. Þú verður alltaf að hugsa hverjum þú vilt ná til eins og 50+, hvar er það fólk? Er það að horfa á Vildísi á Instagram eða er það að horfa á Sveindísi á Instagram eða TikTok, eða eru þau bara að hlusta á Rás 2 á leiðinni í vinnuna? Eldra fólk er alltaf meira og meira farið að vera á samfélagsmiðlum heldur en það vill viðurkenna eða tala um. En það segja allir að þeir verði ekki fyrir áhrifum og að þeir ætli ekki að kaupa vöruna en svo gera þau það, þetta hefur áhrif og þetta virkar.

Rakel: Eruð þið með einhverja útvarpsauglýsingu í gangi?

Arnar: Nei, við erum svolítið óhefðbundin. Það hefur komið fyrir að við auglýsum í útvarpi en við erum ekki í því. Okkar markhópur hjá NOCCO hlustar ekki á útvarp, það hlustar bara á Spotify í bílnum. En svo með Froosh, þá auglýsum við mikið í útvarpi og þar erum við að ná í eldri hóp sem er að kaupa fyrir heimilið og kaupa fyrir börnin og þess háttar.

Appendix E: Interview with Arinbjörn - ELKO's Marketing Manager

Sp. 1: Hvernig ákveðið þið hvaða áhrifavalda er best að vinna með? Og hvaða þætti teljið þið vera mikilvægastir við val á áhrifavöldum fyrir markaðsherferðir?

Arinbjörn: Við reynum alltaf að finna áhrifavalda sem að henta þeirri vöru sem áherslan á að vera á. Þannig að varan sem við erum að fara að fá, varan eða vöruflokkurinn sem við ætlum að fá áhrifavald til að fjalla um þarf að vera svona within brand hjá þessum áhrifavaldi. Þannig við erum ekki bara að fá einhvern sem er með einhver áhrif til að taka fyrir eitthvað sem tengist honum ekki neitt. Við reynum að velja svolítið þannig. Við horfum í söguna, með hverjum hefur hann unnið áður. Hvernig hafa þau samstörf bara komið út, við vitum svo sem engar sölutölur eða neitt slíkt en við getum séð hvernig efni viðkomandi hefur verið að gera og vegið og metið hvort að það sé eitthvað sem hentar okkur og okkar miðlum. Þegar við förum í svona samstörf þá reynum við semsagt að horfa á fleiri miðla heldur en eingöngu miðla áhrifavaldsins, þannig við viljum geta nýtt jafnvel efnið líka inn á bloggið hjá okkur eða okkar samfélagsmiðlum eða tölvupósti eða hvar sem er. Þannig við viljum geta breikkað sambandið eins og mögulega hægt er til að fá sem mest út úr því.

Rakel: Þannig þið í rauninni nýtið áhrifavalda líka í hefðbundna markaðssetningu?

Arinbjörn: Já í rauninni reynum við að gera það líka. Svo höfum við fengið áhrifavalda líka til að keyra fyrir okkur leiki, þá eru leikirnir í þeirra nöfnum í staðinn fyrir að við séum endalaust að keyra einhverja leiki og það hefur bara gengið ágætlega. Þá benda þeir á okkur og við deilum áfram og svo framvegis.

Rebekka: Hvaða áhrifavalda hafið þið verið að vinna með?

Arinbjörn: Við höfum verið að vinna t.d. með Hönnu sem að sérhæfir sig í svona ketó matreiðslu og þar höfum við verið að fókusera á airfryera, blandara og allskonar svona sem hentar inn í þá það sem hún er að gera og það efni sem hún er að framleiða. Höfum þá fengið hana til að gera uppskriftir fyrir okkur þannig við getum líka deilt meiri fróðleik um vörunar okkar og hvernig er hægt að nota þær. Það hefur verið svona win-win samstarf. Svo hefur hún sett upp leiki fyrir okkur. Svo höfum við farið í samstarf í kringum jólin þar sem við fáum kannski tvo þekkta einstaklinga til að velja jólagjafir fyrir hvort annað. Þar erum við bara að fókusa á vöruúrval og semsagt breitt

vöruúrval og hvaða jólagjafir þessir einstaklingar myndu velja sér. Við höfum líka farið í samstarf þar sem við tókum t.d. Gústa B. á TikTok þar sem hann var að velja bæði jólagjafir og fermingargjafir og annað slíkt. Þannig við höfum farið með allskonar breiðum hópi áhrifavalda í mismunandi herferðir með mismunandi árangri og áherslum líka.

Rakel: Þannig það fer eftir því hvaða vöru þið eruð að auglýsa þá hvers konar áhrifavald þið veljið?

Arinbjörn: Við höfum t.d. fengið fyrirspurnir um mjög áhugaverð samstörf en við töldum til dæmis það samstarf, ég ætla samt ekki að nefna hvaða samstarf það var, en við töldum það henta ákveðnum vöruflokki sem við erum með nema viðkomandi var í samstarfi með öðrum og vildi þá skoða aðra vöruflokka en við neituðum því bara út frá því okkur fannst það ekki vera fit.

Rakel: Það er mjög sniðugt. Það líka heldur trúverðugleika ykkar.

Arinbjörn: Já bæði trúverðugleika okkar og líka bara trúverðugleika áhrifavaldsins. Ef einhver er að sérhæfa sig í hárvörum eða makeup eða einhverju þá meikar kannski ekkert sens að viðkomandi sé að auglýsa sjónvarp. Við höfum svolítið reynt að halda þeirri línu.

Sp. 2: Passið þið að vörurnar sem þið auglýsið séu á sviði áhrifavaldsins sem þið vinnið með?
(Slepptum þessari því við vorum komnar með svar við henni)

Sp. 3: Þegar þið hafið notað áhrifavaldamarkaðssetningu, hvaða markhóp eru þið helst að reyna að ná til og þá á hvaða aldursbili?

Arinbjörn: Það er mjög misjafnt, eins og með Gústa B. þá vorum við að reyna að höfða til yngri markhóps, fermingaraldur og yngri krakkar yfir jólin. Þegar við erum í samstarfi með Hönnu þá erum við bæði að höfða til eldra fólks sem er búíð að stofna heimili og er kannski farið að pæla í allskonar viðbótargræjum í eldhúsið. Og náttúrulega þar kannski svolítið specific inn á eitthvað ketovætt en ekki eingöngu þar sem þetta eru líka bara uppskriftir sem hver og einn getur nýtt sér. Þannig það er mjög misjafnt eftir því. Svo höfum við líka farið mikið í gaming samstörf og þá erum við að fókusa á þann markhóp. Þar höfum við verið með GameTV og strákunum þar og fleiri aðilum. Þar erum við að fókusa á allt öðruvísi markhóp heldur en með eldhúsgræjur eða annað.

Rebekka: En er þetta þá aðallega yngri aldurshópur eða eru þið alveg að ná til svona 60 ára aldurshóps með áhrifavaldamarkaðssetningu?

Arinbjörn: Eldri? Kannski ekki endilega með áhrifavaldamarkaðssetningu nei. En við leggjum bara upp úr því að vera með breytt úrval miðla og með mismunandi skilaboð eftir vöruflokkum og miðlum. Þannig við pössum í rauninni að dekkun og tíðni á öllum miðlum sé til staðar. Áhrifavaldamarkaðssetning er eingöngu til að styðja við þær herferðir sem við erum með nú þegar í gangi og við erum ekki að stóla á það að þær herferðir endilega skili okkur hreinni sölu eða það sé herferðin að vera í áhrifavaldamarkaðssetningu. Bara dæmi eins og jólin, þetta er bara content í blaðið okkar svo að blaðið lifi lengur. Svo að fleiri kannski geymi blaðið lengur, þannig að við erum alveg með taktíska hugsun á bakvið af hverju erum við að fá greinar eða content eða samstörf í kringum jólin. Það er til þess að taka blaðið sem er örugglega stærsta einstaka markaðsefnið sem við förum í yfir jólin sem er mikill kostnaður, í þessari herferð. Þar erum við að nýta áhrifavaldana til þess að leyfa þessari markaðssetningu að lifa lengur inni á heimilum og það hefur gefist vel. Það gerir efnið skemmtilegra, það lifir lengur, við höfum mælt þetta líka að blaðið er meira lesið, það lifir lengur inni á heimilunum og fólk er líklegra til að nýta blaðið til að kaupa eitthvað fyrir jólin.

Rebekka: Þá þegar þið notið áhrifavaldamarkaðssetningu?

Arinbjörn: Bara þegar við erum með meira content í blaðinu, það þarf ekkert endilega að tengjast áhrifavöldum en við höfum svolítið farið þá leið í blaðinu síðastliðin ár. Það er bara partur kannski af því að við erum að sjá þessar tölur hækka, bæði lestur og aldur blaðsins inni á heimilinu. Þetta hjálpar til, þetta er stuðningur við aðrar herferðir og þannig höfum við svolítið horft á þetta.

Sp. 4: Kemur það eitthvað á óvart hvaða markhópa þið hafið verið að ná til þegar þið notið áhrifavaldamarkaðssetningu?

Arinbjörn: Nei í rauninni ekki. Við höfum kannski ekki mælt það eitthvað í þaua hverjir það eru sem að koma eftir hvaða samstarf og oft er erfitt að mæla það því þetta er partur af öðrum stærri herferðum á sama tíma. Þannig það er svolítið erfitt að mæla það að það sé akkúrat áhrifavaldurinn sem skilar því að þessi vara selst. En við höfum séð það, við höfum séð þar sem einhver áhrifavaldur, bæði í samstarfi og ekki í samstarfi, hefur tekið einhverja vöru, kynnt hana, sagt að hún hafi fengist í ELKO og við höfum séð spike í sölu eftir það, en það gerist alls ekki alltaf.

Sp. 5: Hvernig mælið þið áhrifin af því að nota áhrifavalda í markaðsherferðum þegar kemur að áhrifum á sölu eða vörumerkjavitund?

Arinbjörn: Við náttúrulega eins og dæmið með leiki og „content“ þá sjáum við hversu margir skoða bloggið með viðkomandi áhrifavaldi. Við sjáum hversu margir taka þátt í leiknum, hversu marga við bætum við sem fylgjendum á okkar miðlum í tengslum við leikinn. Ef við erum að fókusa nitty gritty niður á vöru að þá náttúrulega skoðum við sölu líka þar. En það getur oft líka tekið tíma fyrir þá sölu að fara af stað og þá má alveg horfa á það sem stuðning við þá sölu. Við höfum ekki endilega upplifað að það gerist á einni nóttu.

Rakel: Þannig það er ekki allt að seljast upp á einum degi?

Arinbjörn: Nei, það var rosa mikið þannig heyrði maður umtalið áður fyrr þar sem kom einhver ein vara eða einhver skúringarmoppa og henni var deilt og allt í einu bara seldist einhver gámur af skúringarmoppu. Við höfum ekki upplifað þetta hjá okkur. En við höfum alveg séð vörur og oft dýrar vörur sem hafa verið teknar fyrir sem að eru trending líka bara almennt. Ekkert endilega hjá þessum áhrifavaldi heldur trending til dæmis á TikTok eins og Dyson Airwrap. Þetta er bara trending á einhverjum öðrum miðlum, svo tekið fyrir og svo kemur allt í einu bara eitthvað spiki í sölu þar sem fólk er búíð að átta sig á vörunni.

Rakel: Þannig það er kannski gott að nýta áhrifavalda til að kynna betur vöruna og tengja við ykkar verslun?

Arinbjörn: Já, algjörlega. Það er alveg fín leið og við höfum kannski aðeins verið að fókusa á það.

Sp. 6: Hverjar hafa verið árangursríkar áhrifavalda markaðsherferðir hjá fyrirtækinu þínu og hvað gerði þær árangursríkar?

Arinbjörn: Eins og ég nefndi bara með blaðið áðan, við erum að fá content frá áhrifavöldum inn í blaðið. Getum sagt frá því að þekktir einstaklingar, viðtöl og greinar séu inni í blaðinu og þá hefur það verið meira lesið. Eins og ég sagði áðan þá er þetta ein dýrasta herferð ársins sem við förum í, að gefa út þetta jólablað og dreifa inn á heimili. Það hefur gefist virkilega vel, blaðið er meira lesið, það er meiri eftirtekt á því, fleiri sem ætla að nýta það til að velja jólagjafir. Þarna spilar bæði náttúrulega að það sé eitthvað vöruúrval þarna inni en líka content sem fólk vill lesa eða geymir blaðið til að skoða kannski síðar. Annað er að við höfum fengið fylgi á samfélagsmiðla okkar líka í gegnum þetta.

Rebekka: Hvernig mælið þið það að fólk lesi blaðið og síðan geymi það?

Arinbjörn: Við gerum skoðanakönnun sirkabát viku til 10 dögum eftir að blaðið kemur út og framkvæmum hana á hverju ári á svipuðum tíma eftir að blaðið kemur út. Við fáum svo niðurstöður úr því til að veita og meta. Við spyrjum þá sástu blaðið? Flettir þú blaðinu? Telur þú að þú munir nýta blaðið til þess að velja jólagjafir? Er blaðið ennþá til á heimilinu hjá þér? Já eða nei? Þarna erum við að tala um viku til 10 dögum eftir að það kemur út. Svo berum við þetta saman ár frá ári.

Rakel: Eru þið þá bara að spurja póstlistann ykkar eða eru þið að fá annað fyrirtæki til að framkvæma könnunina fyrir ykkur?

Arinbjörn: Þetta er annað fyrirtæki sem sér um þetta sem er þá með sitt þýði. Því það getur litað niðurstöðurnar mjög mikið að vera að spyrja t.d. póstlistann okkar. Því að það eru yfirleitt þeir sem opna ákveðinn póst sem opna alla hina póstana eða marga af þeim og þá erum við kannski ekki að fá réttu tölurnar.

Sp. 7: Hvernig passið þið að áhrifavaldarnir sem þið vinnið með passa við ímynd og stefnu fyrirtækisins?

Arinbjörn: Við erum að reyna velja þá t.d. með því að skoða aðeins söguna og pössum að hann „fitti” við vörumerkið okkar og vörurnar sem hann á að fara að fjalla um. Og bara rétt eins og áhrifavaldar geta haft jákvæð áhrif á ímynd vörumerkisins og aðra þætti tengda vörumerkinu, þá geta þeir líka skaðað vörumerkið. Það þarf að vanda valið vel.

Rebekka: Mér finnst einmitt mjög áhugavert með neikvæða ímynd áhrifavalda. Ég er búin að vera að tala við mömmu um þetta og fyrir henni þá er áhrifavaldur eitthvað slæmt og það lætur hana ennþá minna vilja kaupa eitthvað. Sjáið þið þetta vera að gerast hjá ykkur?

Arinbjörn: Nei alls ekki, við reiðum okkur ekki mikið á áhrifavalda í okkar markaðssetningu. Þetta er bara svo lítil stuðningur við annað sem við erum að gera, þannig við höfum verið að passa að velja áhrifavalda sem okkur lýst vel á og er kannski ekki að skapa neikvæða ímynd. Það er náttúrulega mjög mikilvægt að vera í opnu samtali og setja skýrar reglur sem áhrifavaldar þurfa að fara eftir. Við verðum alltaf þar að ef það kæmi eitthvað upp á þá myndum við slíta samstarfinu strax. Það er ekki þess virði að hanga á einhverjum vagni sem er á leiðinni út af veginum.

Sp. 8: Hvaða aðferðir teljið þið vera árangursríkastar þegar kemur að því að innleiða áhrifavaldamarkaðssetningu í heildarstefnu fyrirtækisins?

Arinbjörn: Áhrifavaldurinn þarf auðvitað að vera meðvitaður um stefnu fyrirtækisins og rödd. Hann þarf að passa við stefnu og rödd fyrirtækisins algjörlega. Hann má ekki hljóma einhvernvegin þveröfugt við önnur markaðsskilaboð. Svo þarf áhrifavaldurinn líka eitthvað að tengja við þær vörur eða vöruflokka sem hann fjallar um og þetta er það allra mikilvægast í starfinu.

Sp. 9: Hvað heldur þú að séu kostir þess að vinna með áhrifavalda í markaðsherferðum, samanborið við aðrar markaðsleiðir?

Arinbjörn: Mér finnst þetta góður stuðningur við aðrar markaðsherferðir. Oft geta áhrifavalda fjallað um vörurnar á annan hátt heldur en þú getur gert á öðrum miðlum. Þeir hugsanlega hafa lengra „attention spam” að einhverju leyti þegar verið er að fara yfir kosti og galla vöru. Og geta kannski farið meira á dýptina þegar þeir eru að fjalla um vörurnar á þeirra miðlum og hvernig þeir nýta hana. Þarna geta fylgjendur líka séð betur hvernig varan nýtist og hvernig hún gæti nýst þeim. Mér finnst það kostur við að nýta áhrifavalda versus aðra miðla þar sem þú ert kannski ekki með jafn mikið attention spam eins og bara YouTube auglýsing eða myndband, sjónvarpsauglýsing eða hvað það er, vefborði eða allt það. Þannig þetta er svona önnur leið til að miðla öðrum dýpri upplýsingum.

Rebekka: Þannig þetta er svona náttúrulegra?

Arinbjörn: Getur verið það, algjörlega.

Sp. 10: Hvernig náði þið að finna milliveg á milli þess að nota áhrifavalda markaðssetningu og annarra markaðsaðferða eins og kostaðar auglýsingar og notkun póstlista?

Arinbjörn: Það er bara að velja vel og við höfum ekki farið í mörg svona langtímasamstörf. Þannig við veljum vel fyrir rétt tímabil, þá bara réttan aðila fyrir rétt tímabil fyrir réttu vöruna. Þannig setjum við þetta inn í mixið hjá okkur, en þetta er ekki beint inn í kannski birtingarplaninu sem slíku. Við tökum þetta út fyrir það.

Rakel: Þannig þið mynduð ekkert vilja ná ykkur í langtímasambönd við áhrifavalda?

Arinbjörn: Jújú, það er alveg áhugavert. Yfirleitt er það samt bara hár kostnaður og jafnvel stundum miðað við ROI. Það er kannski svona staðan, fer eftir vöru og annað þannig við værum alltaf opin fyrir einhverju. Við myndum aldrei loka á svoleiðis samstarf en við höfum ekki verið að fókusera á það.

Sp. 11: Hvernig mælið þið arðsemi áhrifavalda markaðsherferða og hvaða mælikvarða skoðið þið helst?

Arinbjörn: Helstu mælingarnar sem við höfum kannski verið að skoða er fylgi. Það getur verið póstlisti, það getur verið á samfélagsmiðlum eða annað slíkt og svo náttúrulega bara sölutölur. Það er voða erfitt að tengja eitthvað annað. Við getum ekki tengt kannski traffík í verslun við áhrifavald sem slíkan eða annað. Til að setja þetta í samhengi þá erum við fyrirtæki sem er í markaðsráðandi stöðu með um og yfir 50% markaðshlutdeild, við erum með dekkunartíðni á öllum miðlum nánast ávallt. Þannig við erum í sjónvarpi, við erum í útvarpi, við erum í blöðum, við erum með vefborða, við erum með samfélagsmiðlaauglýsingar. Þannig það er þínu erfitt að „nitty gritty pinpointa“ eitthvað eitt sérstakt áttak á einn áhrifavald á einhverjum einum tímapunkti. Versus það ef við værum inni á markaði með minna af herferðum í gangi, með minni markaðshlutdeild og færum í svona samstarf, þá væri kannski auðveldara að rekja það beint til áhrifavaldsins. Það er þá kannski til að setja þetta í smá bara samhengi hvernig það er að vera svona stórt fyrirtæki að vinna með áhrifavaldi versus kannski lítið fyrirtæki eða heildsala eða annað slíkt sem er kannski ekki með eins mikla dekkun á öðrum miðlum og er þá að nýta miðla áhrifavaldsins sem ákveðna dekkun eða tíðni eða annað slíkt í staðin fyrir aðrar herferðir.

Rebekka: En ef að áhrifavaldurinn er t.d. að auglýsa einhverja ákveðna vöru, en síðan á öðrum svona, með aðrar markaðsleiðir þá eru þeir að auglýsa eitthvað annað. Getið þið ekki séð svona já okei út af því við notuðum áhrifavaldinn, sú vara sem hann var að auglýsa að það var „spike“ í því?

Arinbjörn: Jújú, við getum alveg séð það en t.d. bara fyrir jólin þá erum við með Hönnu og erum að fókusera á AirFryera en við erum samt búin að undirbúa það löngu áður í öllum öðrum herferðum að AirFryer verði jólagjöf ársins. Þannig við getum ekki tekið áhrifavaldinn og sagt bara heyrðu þetta er af því við fórum með þessum áhrifavaldi í þetta samstarf. Það er eiginlega bara ekki hægt í því tilfelli, en ég veit um dæmi þar sem að einstaklingur, þegar Airwrap var tiltölulega nýtt, birti það á miðli hjá sér að hún væri farin að nota Dyson Airwrap til að gera hárið á sér liðað og það seldist allt í einu upp. Við höfum alveg séð þetta en maður þarf að hitta á réttan tímapunkt, réttu vöruna og rétta einstaklinginn.

Rakel: Þannig það geta verið mikið af utanaðkomandi áhrifum sem ýta undir söluna?

Arinbjörn: Já algjörlega, tengt eða ótengt því sem þú ert að gera.

Sp. 12: Hafið þið einhvern tíma staðið frammi fyrir einhverjum áskorunum í samstarfi við áhrifavalda og ef svo er, hvernig tókuð þið á þeim?

Arinbjörn: Já við höfum alveg staðið frammi fyrir áskorunum sérstaklega varðandi tímasetningu og skil á efni. Við höfum stundum þurft að bíða eftir efni og við höfum verið að setja ákveðin deadline og annað slíkt. Þannig við höfum svolítið þurft að reka á eftir þeim stundum með að klára að sinna þeim verkefnum sem samið var um að sé farið í. Það eru kannski áskoranirnar sem við höfum helst lent í. Ég man ekki eftir neinu tilviki þar sem einhver áhrifavaldur að það hafi þurft að hafa einhver afskipti eða hætta samstarfi út af einhverju, eða slíkar áskoranir. Eins og getur auðvitað komið upp en ég man ekki eftir að hafa lent í því.

Rakel: Þannig meira bara tengt frestum?

Arinbjörn: Já, meira bara deadline drifið.

Sp. 13: Hvernig sérðu fyrir þér hlutverk áhrifavaldamarkaðssetningar þróast í framtíðinni og hvaða áhrif heldurðu að það muni hafa á markaðssetningu á Íslandsmarkaði?

Arinbjörn: Það væri gaman að sjá áhrif áhrifavalda og samstörf fyrirtækja við áhrifavalda þróast í það að vera bara eins og að kaupa birtingar í öðrum miðlum. Þú kaupir birtingu eða umfjöllun líkt og í blaði eða annarsstaðar. Setur fram ákveðin verkefni sem eru skilgreind og greiðir þá fyrir birtinguna á því eftir einhverskonar verðlista í stað þess að eiga eitthvað langtíma samtal eða langtíma samstarf við viðkomandi. Þetta er vissulega til í dag, þetta heitir eitthvað Ghostlab eða slíkt. Þannig þetta er kannski það sem við erum oft að leita að sérstaklega eins og þegar við tökum áhrifavalda eða ef við tökum smá svona hliðarspor og tölum t.d. um hlaðvörp. Þar erum við náttúrulega með áhrifavalda, þetta eru oft þekktir einstaklingar sem eru með hlaðvörp og þar eru birtingar mjög langlífir sem að þýðir að það er mjög erfitt að fókusera á vöru og verð á tilgreindu tímabili. Það er t.d. mjög erfitt að fókusera á útsölu eða afmælistilboð eða hvað það er, á þessum miðlum af því að platformið er þannig byggt upp í dag að auglýsingarnar eru bara organic inni í þættinum. Langoftast í formi umfjallana frá þáttarstjórnendum, annaðhvort í upphafi, miðju eða hvernig sem það er og umtals sem að gerir það að verkum að hlaðvörp eru mjög góð til þess að fara í svona long term marketing. Þau eru bara fín ef þú ert með skilaboð varðandi einhverja stefnu eða þjónustumiðuð skilaboð eða eitthvað slíkt. En þau eru alls ekki góð fyrir útsölu eða jól eða

eitthvað svona short term auglýsingar. Þetta er eitthvað sem gæti þróast, hlaðvarp er bara eins og að hlusta á útvarp og þarna getur þú farið að kaupa birtingar inn í hlustun sem er byggð á „impressions” á ákveðnu tímabili en ekki á hlustun þáttarins yfir allan líftíma þáttarins. Þetta er kannski þróunin sem maður á eftir að sjá í þessum heimi.

Rebekka: Finnst þér áhrifavaldamarkaðsetning vera stærri í dag en hún var?

Arinbjörn: Já og nei. Við náttúrulega búum í mjög litlu samfélagi, við erum með takmarkað „resource” af áhrifavöldum sem þýðir það að áhrifavaldar vinna fyrir mörg fyrirtæki og það er kannski erfiðara og erfiðara að láta einhvers konar samstarf standa upp úr. Ef þið skiljið hvað ég er að fara. Þú þarft að velja þér einhvern áhrifavald, er hann búinn að vinna fyrir samkeppnina á einhverjum tímamarki eða mun hann vinna fyrir samkeppnina á einhverjum tímamarki ef við ætlum bara að fara í skammtíma samstarf og allt slíkt. Þannig þetta er „tricky” lítill markaður finnst manni allavega hér heima og bara mjög vandasamt hvernig maður velur áhrifavalda og herferðir.

Rakel: Heldur þú þá að það væri t.d. betra að vera í Bandaríkjunum með fyrirtækið þitt?

Arinbjörn: Ég veit það ekki, þar ertu líka bara með rísa stóran markað og líka tiltölulega fáa einstaklinga sem ná til fjöldans þá þar. Þar þarftu bara að taka þetta á allt annan skala en hérna heima. Þannig að já það er mjög erfitt að segja, mér finnst þetta bara hafa þróast ágætlega hérna heima og ekkert út á það að segja. Margir áhrifavaldar sem vanda mjög vel til verka og skila bara mjög flottu efni og kannski aðrir sem eru meira á einhverjum hlaupum. Oft er þetta yfirborðskennt þar sem þú ert með einhverja ákveðna vöru og ert eiginlega bara að horfa á einhverja vöruauglýsingu en það virkar hugsanlega líka. Við höfum ekki endilega farið þá leið. Mér finnst það frábær leið til að fara á dýptina og fá meiri áhorfstíma frá viðskiptavinum.

Sp. 14: Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi samstarf við áhrifavalda?

Arinbjörn: Nei, þetta hefur bara gengið ágætlega hjá okkur. Við gætum pottþétt gert meira af því sjálf og 100% gert það betur. Þetta er alltaf samspil beggja aðila hvernig samstarfið fer af stað og hvernig það virkar. Það er kannski bara það að þetta er samspil tveggja aðila.

Rakel: Finnst ykkur ganga betur núna þegar þið eruð orðin aðeins reyndari í því? Eru þið komin með skýrari sýn á hvernig þetta samstarf virkar?

Arinbjörn: Ég held við höfum alltaf farið í þetta með tiltölulega skýra sýn og við höfum verið þínu „picky“ á hvað við ætlum að fjalla um og hverja við höfum valið. En eins og t.d. með hlaðvörp þá erum við bara að skoða það að geta auglýst short term auglýsingar í vissum hlaðvörpum og við höfum notað áhrifavalda yfir ákveðin tímabil, fyrir ákveðnar vörur og munum halda áfram með það. En yfirleitt er kostnaðurinn hár miðað við aðrar birtingar en það er auðvitað af því þú ert að kaupa ímynd og vörumerki áhrifavaldsins. Það er ennþá í dag oft svolítið hár verðmiði á þeim.

Appendix F: Interview with Influencer Sólrún Diego

Sp. 1: Hver eru þín helstu samstörf? Hvers konar áhrifavaldur ert þú?

Sólrún: Ég held að ég sé svona, gefi mig út fyrir bara svona ákveðin lífstíl af því það fer einhvernvegin bara eftir því hvað ég er að gera, í hvernig samstörfum ég er. Ég geri bara ótrúlega mikið bara svona basic hluti sem að tengist heimilinu og að ég sé með börn og annað. Samstörfin mín eru svona flest sem tengist mínu daglega lífi, það sem ég er að borða, það sem ég er að gera, tengist hreyfingu, fötum, börnunum mínum. Ég er með fá en góð samstörf. Ég er búin að vera í samstörfum eins og með MS þá er ég búin að vera í samstarfi í 7 ár við MS og það er „ongoing” samstarf.

Rakel: Þá mjólkursamsöluna?

Sólrún: Já og það er svo ótrúlega fjölbreytt, það getur verið bara það er kominn nýr pizzaostur eða kemur ný hleðsla eða ég geri uppskrift eða deili matseðli þannig það er ótrúlega fjölbreytt og fólk tekur ekki endilega eftir að það sé samstarf af því þetta er svo sjúklega fjölbreytt. Eitthvað sem hentar mjög vel.

Sp. 2: Hvernig byrjaðir þú að starfa sem áhrifavaldur?

Sólrún: Ég byrjaði í fæðingarorlofi 2015 með vinkonum mínum sem vildu gera bloggsíðu, svona mömmublogg, sem er hræðileg tilhugsun í dag. Og ég var bara eitthvað nei þetta er ekki eitthvað sem hentar mér. Síðan bara einhvern veginn ákvað ég bara svona að maður verður ótrúlega einangraður þegar maður er ungur þegar maður eignast börn. Samfélagsmiðlar voru ekki eins og þeir eru í dag og ég var einhvern veginn, ef ég er ekki að fara að vera með þeim í þessu þá er ég bara að fara að vera einhver „outsider” þannig ég svona féllst á það að prófa. Síðan bara einhvern veginn þróast þessi bloggsíða og þær vilja opna Snapchat sem var þá aðalmálið og þá, munið þið ekki eftir því að deila svona einum degi á hvern þegar það voru svona margir með eitt Snapchat. Þið eruð kannski of ungar til að muna eftir þessu en þetta var svona einn reikningur fyrir bara bloggið og ég var alltaf á fimmtudögum. Oh þetta var hræðilegt, og ég man ég var bara með kvíða yfir þessu, bara þetta er hrikalegt. En einhvern veginn vildi fólk alltaf sjá meira og meira sem varð til þess síðan að ég opnaði mitt persónulega snap út frá þessu. Svo bara einhvern veginn hætti þetta blogg og ég hélt bara áfram með mitt Snapchat og það bara einhvern veginn stækkaði bara fáránlega mikið á stuttum tíma og ég þurfti eiginlega bara þínu að hugsa okei annaðhvort held ég

Þessu áfram eða þá ég bara hætti þessu. Því ég var alltaf einhvern veginn svona á milli, mig langaði þetta en samt ekki og ég er sjúklega svona feimin og svona til baka eða var sérstaklega þá. Svona feimin og til baka týpa og þetta hjálpaði mér ótrúlega mikið að styrkja mig þannig ég svona tók þetta þaðan og síðan bara hætti Snapchat að vera eins og það er og þá fór ég yfir á Instagram. Ég hef samt alveg oft verið svona á þeim krossgötum að ég bara eitthvað nú hætti ég þessu. Þetta er alveg þreytandi til lengdar. Manni langar líka kannski þínu að hætta á toppnum, ekki að fólk sé komin með leið á manni. En já ég byrjaði 2015 og er núna búin að vera áttunda árið sem þetta er í gangi, sem er mjög skrítið.

Rakel: Vá það er ótrúlega langur tími.

Sólrún: Já, þetta byrjaði bara þegar ég eignaðist stelpuna mína. Á sama tíma hefur þetta gefið mér ótrúlega mikið. Ég er búin að eignast tvö börn og ég er búin að vera tvisvar sinnum í fæðingarorlofi og hef getað verið eins mikið með börnunum mínum og ég vildi. Ég gat verið heima í tvö ár með strákinn minn og pældi aldrei í því. Hann var ótrúlega veikur í sjö mánuði og ég þurfti aldrei að mæta neitt. Ég var samt alveg í vinnu og að fá mínar tekjur en ég var bara heima með strákinn í stað þess að vera að „jugglea” pössun fyrir hann. Það hefur gefið mér ótrúlega mikið í staðinn. Það eru svo margir sem horfa á þetta sem eitthvað neikvætt, það er endalaus gagnrýni, mikið áreiti, en á sama tíma gefur þetta manni ótrúlega mikið rými og frelsi.

Sp. 3: Hvar ert þú helst að auglýsa þín samstörf? Telur þú einhvern miðil vera áhrifaríkari en annar?

Sólrún: Ég er bara með Instagram. Ég á alveg TikTok sko.

Rakel: Er það?

Sólrún: En ég myndi aldrei pósta neinu á TikTok. Ég er bara áhorfandi á TikTok og ég held ég sé ekki einu sinni að followa neinn. Þannig þetta er bara svona ég að vera partur af samfélaginu, fylgjast með. En ég held að bara minn markhópur, af því það eru mjög margir sem hafa spurt mig ætluðu ekki að færa þig yfir á TikTok? Það eru bara allir á TikTok núna og þetta er svolítið eins og þegar fólk var að færa sig yfir á Instagram af Snapchat og bara Instagram á eftir að deyja. Ég er ósammála því af því að minn markhópur er ekki hópurinn sem er á TikTok. Markhópurinn minn er, og ég vil ekki að markhópurinn minn sé TikTok hópurinn. Af því það sem ég gef út frá mér og fyrirtækin fara í samstarf með mér er út af því að minn markhópur er hópurinn sem fer og kaupir

vörur sem ég auglýsi. Markhópurinn minn er fólkið sem að fyrirtækin finna fyrir því að ég sé að auglýsa eitthvað. Ef ég auglýsi eitthvað, það er ekki einhver 14 eða 15 ára stelpa sem fer út í búð og kaupir það sem ég auglýsi. Þannig þetta er svolítið svona líka að þú mátt heldur ekki missa svolítið svona græðgina í að vilja vera alls staðar eða svona þurfa að fá fylgi alls staðar heldur verður maður að finna svona sinn hóp á markaðnum og minn hópur er bara klárlega Instagram. Af því hópurinn minn er sko 35-65 ára konur, sem er alveg galið af því fólk heldur einhvernvegin eða sér fyrir sér einhvernvegin 18 ára til 25 ára. En ég er 32 ára og þú veist minn markhópur hefur alltaf verið 35-65 og konur.

Rakel: Ég er búin að vera að fylgja þér alveg lengi samt.

Sólrún: Já en ég fer í búð og það er eldri kona sem gæti verið amma ykkar á kassanum sem er að borga og hún er bara hæ Sólrún mín ég er búin að vera að fylgjast með þér svo lengi. Ooo ég elska þig og ég bara eitthvað já, þannig það er mitt fan base. Það er ógeðslega gaman hvað þetta er fjölbreyttur hópur en ég hef það fram yfir marga aðra sem eru að gera það sama og ég, að ég er með eldra fólk og það er fólkið sem að hefur meira á milli handanna og kaupir það sem ég auglýsi. Þar af leiðandi fæ ég meiri tekjur fyrir það sem ég auglýsi skiljið þið. Ef þið horfið á þetta þannig. Af því að ég er ekki að þessu til að sýna að ég hafi verið að kaupa nýjar buxur því af því að „in the end” þá eru þetta mínar tekjur og maður verður líka svolítið að horfa í það.

Rakel: Vá ég vissi ekki að það væri alveg svona mikið skipulagt, eða að það væri svona mikil pæling á bakvið allt.

Sólrún: Nei, en maður finnur svolítið líka bara þú veist, ég sé alveg contentið sem ég gef út frá mér. Ég finn það og ég get alveg stjórnað svolítið mínu contenti sjálf. Ég finn alveg að ef fyrirtæki bjóða mér eitthvað og ég veit að ég á eftir að, segjum bara eitthvað að ég sé beðin um að auglýsa ryksugu, ég veit ég á eftir að selja mörg hundruð af þessum ryksugum og þá vil ég líka fá bara ótrúlega mikla upphæð fyrir það af því að annars græði ég ekkert á því og fyrirtækið græðir bara mest á því. En ef ég síðan er beðin um að auglýsa eitthvað sem hentar mér kannski ekki, þú veist bara einhvern snjósleða eða eitthvað skiljið þið. Bara þú færð ógeðslega mikinn pening fyrir þetta og ég bara það hefur ekkert að segja skiluru, þú kemur út í tapi. Gæinn sem ætlar að selja mér kemur út í tapi þannig maður verður svolítið að velja fyrir sig og vera líka svolítið svona á tánnum, hvað vill áhorfandinn sjá. Það er mesta vinnan sko. Bara eitthvað svona að það er alveg hugsun á bakvið þetta sko.

Rakel: Þannig þú vilt í rauninni að það sé jákvætt samstarf fyrir bæði þig og fyrirtækið en ekki bara í eina áttina?

Sólrún: Þetta er samstarf og ég vil líka að, eins og ég fór á fund í gær með fyrirtæki sem er bara stórt fyrirtæki á Íslandi og þau eru bara eitthvað svona að „rebranda” og eitthvað. Ég fer og það fyrsta sem þau segja við mig er við vildum fá þig af því að við erum í samstarfi við MS og þau tala svo vel um þig. Þú vilt líka hafa gott orðspor. Þú vilt ekki bara eitthvað já ég borgaði henni fyrir þrjú mánuði og hún skilaði engu, af því það er svolítið gangurinn í þessu. Fólk bara lofar ótrúlega miklu, skilar síðan engu af sér. Líka það að ég hugsa þetta bara eins og þú ert með áskrift af Stöð 2. Þú kaupir áskriftina og þú færð minna af auglýsingum og meira af efninu sem þig langar að sjá, þú ert að kaupa þetta til að horfa á Heimsókn og þarna Jamie Oliver og allt þetta skiluru. En það koma alltaf smá auglýsingar á milli en ekki eins og þegar þú ert með Spotify og borgar ekki aðganginn, þá kemur alltaf lag inn á milli, skiluru, auglýsingarnar. Þannig þetta verður að vera svolítið þannig að efnið mitt sem ég gef út frá mér er meira heldur en kostað skiljið þið. Það er svolítið sem ég þæli í. En svo getur þú fylgst með einhverjum öðrum sem er bara með kostað, en þú sérð það líka á fylgni og engagementinu hjá fólki að það skilar eiginlega engu af því fólk bara skippar. Það er alveg þæling á bakvið þetta.

Rakel: Mikil ástríða hérna á bakvið.

Sólrún: Já, ég hef ógeðslega mikinn áhuga á markaðsfræði hliðinni. Mér finnst það mjög áhugavert. Líka því ég get fundið það sjálf hvað virkar eða fyrir minn fylgjendahóp.

Rebekka: Ég er bara svona að þæla af því að með MS þegar þú ert að auglýsa ég veit ekki, kannski ost, segiru alltaf „Ad“? Maður þarf að gera það?

Sólrún: Já, sko þú þarft það ekki en það eru reglur sem Neytendastofa setur og líka bara það, sem er góð þróun. Segjum að ég auglýsi ost frá M.S. og segi ekki að það sé kostað, þá getur MS fengið sekt fyrir það. Að MS verður þá líka að framfylgja því að fólkið sem þau vinna með láti vita að þetta sé auglýsing. Og ég einhvernvegin veit ekki, ég hef alltaf horft á þetta meira þannig að ég er ógeðslega stolt af því að vinna með fyrirtækinu sem ég vinn með. Ég skammast mín ekki fyrir að auglýsa osta og fá borgað fyrir það. Ef það fer í taugarnar á einhverjum þá er það bara vandamálið þeirra. Þetta eru bara mínar tekjur alveg eins og sá sem gerir auglýsingarnar fyrir MS með ostinn, eða skiljið þið. Það þarf einhver að vera í því, en líka bara það að ég hef alveg oft fengið póst frá

Neytendastofu og þeir hóta manni alveg sekt upp að sex milljónum ef þú auglýsir ekki eitthvað sem er, ef það kemur ekki skýrt fram. Og þess vegna hafið þið kannski tekið eftir því að maður skrifar: „Ekki AD“ þegar þú ert að auglýsa eitthvað sem kannski dansar á línunni og fólk er ekki viss. Fólk tilkynnir þig alla daga alltaf. Það er svona nafnlaust inn á Neytendastofu sem þú getur tilkynnt.

Rakel: Nei?

Sólrún: Jú, og svo færðu sko útprentað A4 blað með „screenshotinu“ sem fólk hefur sent inn og bara eitthvað: geturu gert grein fyrir því eða sýnt okkur að þú hafir keypt þessa vöru eða eitthvað. Ég er stundum bara inn á Arion appinu mínu að leita af einhverju sem ég keypti í Søstre Grene á 800 kall og senda: ég keypti þennan hlut. Þetta er galið, þannig það er eiginlega betra að segja bara: „Ekki AD“ eða bara þegar þetta er auglýsing. Og nú máttu ekki segja bara AD, paid partnership er ekki nóg, þú mátt ekki skrifa auglýsing, nei ég meina samstarf eða gjöf. Þú verður að skrifa bara auglýsing. Þetta er auglýsing hvort sem þetta er gjöf eða greitt eða eitthvað. Nú er bara Neytendastofa með þær reglur að þú bara verður að skrifa auglýsing. Þannig maður gerir það bara, maður fylgir straumnum. En nú er ekkert nóg, en líka með Instagram að ef ég geri paid partnership uppi, af því fólk er með filter eða setur lag og þá róterast paid partnership þannig það sjá kannski ekkert allir að þetta sé paid partnership. Ég skil það alveg, en ég hef aldrei notað paid partnership af því að Instagram refsar þér fyrir að nota það og lætur þig hverfa frá fylgjendum í langan tíma.

Rakel: Já, þau blokka þig.

Sólrún: Þannig það er alveg skárri bara að sleppa því og skrifa frekar auglýsing. Þetta er alveg.

Rebekka: Vá hvað það eru margar reglur.

Rakel: En ef þú myndir fá bara einhverja vöru, bara í gjöf og þú ert ekki skyldug til að auglýsa hana, en þig langar að gera það af því þú fílar vöruna, máttu þá ekki skrifa gjöf?

Sólrún: Uu sko, það er ótrúlega illa séð af því þetta er auglýsing. Ef ég set þetta út og það eru 30.000 manns sem að sjá þetta, þá er þetta auglýsing. Ef ég segi að þetta fæst í þessari búð, þá er þetta „in the end“ auglýsing. Og líka bara eins og segjum að þú myndir kaupa þér gardínur í einhverri búð og hún myndi bara segja já ég gef þér 10% afslátt, þú ert skyldug ef þú sýnir

gardínurnar að skrifa: keypt með afslætti, þó þú sért ekki áhrifavaldur. Það eru reglur, en það eru bara ekki allir sem fylgja þeim. Einhversstaðar byrja reglurnar skiluru, og þetta er þannig að þú þarft að taka það fram: keypt með afslætti eða fékk sem gjöf eða eitthvað. Liggur við ef þú færð eitthvað í útskriftargjöf eða afmælisgjöf eða eitthvað, það er þínu þannig að þú þarft að taka það fram af því að neytendalögin eru svo ógeðslega ströng. En það eru ekkert allir sem fylgja þeim.

Rebekka: Ég er alveg orðlaus, vó.

Rakel: Ég vissi ekki að það væri svona mikið á bakvið þetta. Við vorum báðar, eða varst þú ekki líka í lögfræði áfanganum í Verzló?

Rebekka: Jú.

Rakel: Já, þá fengum við akkúrat dæmi um þig. Þannig þú stendur í bók í Verzló, hefuru séð það?

Sólrún: Nei.

Rakel: Okei það er allavega eitthvað mál með þarna 17 Sortir, Krónan eitthvað.

Sólrún: Já.

Rakel: Allavega þar er farið ótrúlega mikið í þetta, þá að það má ekki þetta og þú verður að skrifa #samstarf og # þetta og eitthvað.

Sólrún: Já en núna er það ógeðslega úrelt. Þetta breytist svo hratt og maður þarf mikið að fylgjast með. Og Neytendastofa hefur svolítið bara verið vandamálið af því þeir eru svo hægir að, þeir kannski koma með nýjar reglur en segja engum frá því. Svo bara allt í einu færðu bara bréf heim, það eru nýjar reglur og maður er bara já kannski væri allt í lagi að gefa manni smá „heads up” af því ég er ekkert inni á þessari stofnun bara eitthvað: heyrðu afsakið er eitthvað nýtt hjá ykkur? Það er líka galið sko, en þeir geta alltaf skýlt sér á bakvið að það eru nýjar reglur.

Rakel: Já, kannski skrifa póstlista og senda út.

Sólrún: Já, einmitt. En þeir bréfsenda allt heim. Þú færð sent bréf heim og ég þarf að svara innan 14 daga og þetta er semi bara eins og verið sé að stefna manni. Þú færð bréfið heim og það er bara bankað með bréf og svo er það svona þykkt og ég bara úff okei. Þetta er bara svona langt blað, skiluru. Maður bara fer í gegnum þetta og svo þarftu að senda inn innan 14 daga að þú hafir mótttekið bréfið og hérna svar. Maður skrifar það náttúrulega bara í emaili og ég svaraði emailinu

mjög ítarlega og hún reyndar hrósaði mér alveg fyrir að ég gat „backað“ allt upp. Núna getur maður farið í archive og skoðað allt í „story“ sem þú hefur gert áður og séð af því einhver var búinn að senda „screenshot“ og hylja út skiljið þið þar sem stóð auglýsing. Og ég bara á þetta efni í símanum mínum og ég bara „screenshota“ allt og sendi: það stendur augljóslega auglýsing hérna og hún bara eitthvað uu já. Svo sendi ég bara eitthvað og ég hvet ykkur til þess að taka skref áfram í umhverfismálum og bara sendið þið email, ekki prenta út þetta 10 blaðsíðna bréf og senda mér skiljið þið. Ég fæ þetta svona þrem mánuðum seinna bara, já þetta var dagsett í janúar og það er mars og ég er að fá þetta núna skiljið þið. Þannig að þeir eru mjög aftarlega og það er svolítið það sem hefur áhrif á að fólk veit hreinlega ekki hvað má og hvað má ekki. Galið.

Rakel: Bara the „audacity“ í fólki að lita yfir.

Sólrún: Fólk er að reyna að taka yfir.

Rakel: Vá ég get ekki ímyndað mér að vera heima og gera þetta.

Rebekka: Nei það myndi líka enginn gera þetta í alvöru, þetta er bara af því þetta er yfir netið.

Sólrún: Já, fólk er oft mjög hugrakt á bak við skjáinn.

Sp. 4: Hver er þinn helsti markhópur og þá á hvaða aldursbili?

(Slepptum þessari því við vorum komnar með svar við henni)

Sp. 5: Kemur það eitthvað á óvart hvaða markhópa þú hefur verið að ná til?

Sólrún: Nei ég held ekki ef ég þæli í því hvaða efni ég er að gefa út frá mér. Þá er þetta svolítið svona, já, ég er ekki að fókusa á yngri hópinn. Ekki nema eins og þegar ég gef út dagbækurnar mínar, þá er ég þínu að fókusa á yngri hóp. Þá upp á fólk sem er í skóla, en samt eru bara gamlar konur sem kaupa og gefa síðan barnabörnunum sínum og eitthvað. Þannig nei í rauninni ekki, af því að allt sem ég gef út frá mér er svona, þú þarft eiginlega að eiga heimili eða vera að elda og það er svolítið hópurninn sem er kannski kominn með börn og aðeins eldri.

Sp. 6: Hvernig vörur eða þjónustu hefur þú yfirleitt verið að auglýsa þá í samstarfi við fyrirtæki?

Rebekka: Þú ert í rauninni búin að svara þessu.

Sólrún: Já, svona í rauninni allt sem tengist mínum lífsstíl þá heimili, matur, föt og svoleiðis.

Rakel: Já, ég sá að þú varst að vinna með Adidas nýlega.

Sólrún: Já.

Rakel: Já og þú varst líka að vinna með Hreyfingu.

Sólrún: Nei, Reebok. Þeir eiga Reebok.

Rakel: Þá Adidas?

Sólrún: Já þeir eiga Reebok Fitness. En sko Adidas merkið og Reebok merkið voru sömu eigendur úti, en það er nýbúið að selja. En Reebok Fitness stövarnar hér, hafa sömu eigendur og Adidas, þá umboðið hér heima. Þannig ég var ekki með sama fyrirtækinu, en ég er ekki lengur að vinna með þeim.

Rakel: Ó, okei. Nei vá ég tengdi ekki alveg, því þegar ég hugsa um þig þá hugsa ég ekki fyrst líkamsrækt heldur þrif, matur, heimili.

Sólrún: En það er líka bara af því ég sýni lítið frá þessu. En þarna kom bara einhver rammi þar sem ég svona já. Þetta hentaði ógeðslega vel en svo komu eigendaskipti og það urðu breytingar innan fyrirtækisins og eitthvað og þá var ég alveg nei það er komið gott.

Sp. 7: Hvað telur þú að geri meðmæli þín áhrifarík hvað varðar sölu á vörum sem þú auglýsir?

Sólrún: Klárlega að nota ekki of stór lýsingarorð og vera bara svona samkvæmur sjálfum sér. Eins og bara gott dæmi er að ef þú ert í samstarfi með snyrtivöru-merki og það kemur alltaf nýr og nýr maskari og þú segir alltaf bara: þetta er besti maskarinn, hann er bara geggjáður. Svo líða þrjár vikur og það kemur nýr maskari og þú bara: ómægat eru þið búin að prófa maskarann? Þetta er uppáhalds maskarinn minn. En hvað með þennan fyrir þrem vikum? Þannig þetta er bara hvernig þú kemur hlutunum frá þér af því þau geta verið áhrifarík en þurfa ekki að innihalda of stór lýsingarorð. Þannig klárlega bara að vera heiðarlegur og samkvæmur sjálfum sér og bara þannig að fólk tengi við þig. Það er það sem er mesta sellið. Að ná fólk bara á svona einlægu hliðinni. Þú getur alveg sagt að það sé kominn nýr maskari og hann sé sjúklega góður og hann henti örugglega mörgum af því greiðan sé svona en hin greiðan á þessum fyrir þrem vikum var öðruvísi. En það þarf ekki alltaf að vera besti maskarinn eða skiljið þið. Þannig klárlega bara að segja það sem þér finnst og ekki bara auglýsa eitthvað sem þú getur ekki staðið og fallið með. Það er svona svolítið

mitt. Ég hef alveg oft fengið eitthvað heim sem ég svona já, ég held að fólk átti sig ekki á vinnunni á bak við áður en það kannski kemur í „story“. Það tekur ógeðslega langan tíma. Meira að segja eins og ég var að segja ykkur áðan að ég hafi verið á fundi í gær með fyrirtæki. Ég er búin að vera í samningaviðræðum síðan í desember við það fyrirtæki en ég er samt ekki byrjuð í samstarfi með þeim skiljið þið. Þannig að forvinnan að samstarfi er oft mikil: fara á fundi, hitta fólk og fá vörur heim og prufa. Og svo kannski ertu búin að vera í mörgum svona dæmum og margt af þessu er bara nei þetta hentar ekki. Þá bara verður ekkert úr því. Þannig það er ógeðslega svona mikið bara að þú prufar eitthvað og fylgja bara innsæinu, já jú ég fíla þetta. Ég hef oft hætt við þó ég sé búin að lofa mér í eitthvað eða skrifa undir samning þá er ég bara nei þetta er ekki alveg málið.

Rebekka: Þannig þú myndir ekki auglýsa eitthvað sem þú fílar ekki?

Sólrún: Nei, af því að fólk er in the end að auglýsa eitthvað til að fá borgað fyrir það og ef þú ert bara með þannig samstörf að þú þurfir ekki að, þú veist ég er ekki að þessu af því ég þarf að fá hérna auka pening einhvers staðar annars staðar skiluru. Það er það sem ég hugsa að ég vil frekar bendla mig við vöru sem fólk fílar og tengir mig við en ekki að fólk byrji bara: oj er hún að grínast? Af hverju er hún að mæla með þessu? Þetta er hræðilegt. Þá bitnar það bara á minni ímynd.

Rakel: En eins og til að byrja með þegar þú varst ný í þessu og þú ert bara allt í einu að fá einhver tilboð frá einhverju fyrirtæki. Varstu þá ekkert svona.

Sólrún: Jú, það var alveg skrítið en eiginlega öll fyrirtækin sem buðu mér eitthvað fyrst voru fyrirtækin sem ég var búin að vera að auglýsa eins og t.d. Bónus hringdi í mig bara hæ þú ert búin að vera að auglýsa „scrub stone“ ógeðslega lengi og búin að selja ógeðslega mikið af þessu og okkur langar að endurgreiða þér það sem þú hefur gert. Þá er ég bara ha? Og þá var ógeðslega skrítið og þarna var ég ógeðslega lítil í mér bara eitthvað nei ég veit ekki, hvað á ég að vera að fá borgað fyrir þetta, þetta er bara eitthvað sem ég nota. En þá sá ég bara svona okei þau eru líka bara ótrúlega ánægð með og vildu halda mér áfram. Ekki að það myndi einhver annar bjóða mér sambærilega vöru og ég myndi bara eitthvað já ég er alveg til í að skoða það. Ég var ekki bundin neinum. En þeir voru líka svolítið að læsa mig inni með því að nota vörunar sínar en síðan var þetta bara þannig að það voru umboðsskrifstofur. Ég veit ekki hvort þið munið eftir því en þarna Tanja Ýr sem er þarna ungfrú Ísland, hún var með umboðsskrifstofu.

Rakel: Ha? Er það?

Sólrún: Já hún byrjaði ógeðslega snemma í þessu áhrifavalda dæmi og hún var bara ógeðslega snemma búin að vera bara grjót hörð. Þannig hún bara varð einhvers konar „leader” og var bara ég skal bara sjá um þetta en hún tók 30% „cut” af öllum skiljið þið, þannig hún var alveg að fá hellings pening í vasann. Þannig að hún svólítið svona úthlutaði verkefnum og var bara eitthvað er þetta eitthvað sem hentar? Og það var oft eitthvað sem hentaði mjög vel en maður var bara ekki með mörg samstörf í byrjun. Þetta var kannski bara eitt, tvö og ekkert eins og maður er að gera núna. Svo kom bara bylgja þar sem voru bara allir og amma hans sem ætluðu að auglýsa á samfélagsmiðlum. Það er ekki þannig lengur. Fyrirtæki eru alveg frekar rög við að auglýsa á samfélagsmiðlum í dag af því að margir sem, eftir þessa „MeToo” byltingu þar sem margir voru, bara fótboltamenn og aðrir sem voru bendlaðir við ákveðin vörumerki sem var þínu búíð að bitna á vörumerkjunum. Þannig það eru alveg margir sem eru þínu smeikir við að tengja fólk við vörumerkið sitt sem maður skilur alveg. Þannig í dag er þetta ekkert, maður er ekkert að synda í samstörfum. Maður fær ekkert endalausar beiðnir eins og var. Þannig þetta hefur alveg svólítið breyst. En já það er bara einhvernvegin allur gangur á þessu. Svo tala ég bara fyrir sjálfa mig og ég veit ekkert hvernig þetta er fyrir einhvern annan. Kannski er það öðruvísi upplifun fyrir einhvern annan sem að, en ég fæ alveg einhverjar beiðnir en flest af því sem ég fæ beiðnir er ég bara eitthvað nei. Það er alltaf einhver sem er að reyna að koma sér á framfæri og maður eitthvað nei. Ég vil frekar sækja um samstörfin mín. Ég nota þetta alltaf og þá hef ég samband við fyrirtækið og segi bara ég nota þessa vöru alltaf, sæjuð þið fram á að vinna saman. Maður fær alveg oftast góð viðbrögð en svo er fólk alveg búíð að plana markaðsmálin sín ár fram í tímann og þá er kannski bara ári seinna já tókum upp þráðinn um áramótin. Þá er maður alveg okei, en þá þarf maður líka alveg að vera skipulagður af því ég lifi á þessum tekjum. Ég er reyndar markaðsstjóri hjá tveimur fyrirtækjum í dag og er í vinnu þar. En seinustu átta ár hef ég þurft að bara stóla á að fá tekjur þaðan og þá náttúrulega er ég ekki að plana mánuð frá mánuði skiljið þið. Ég þarf að plana alveg sex mánuði fram í tímann þannig ég sé ekki bara eitthvað oo það er að koma næsti mánuður, fæ ég eitthvað útborgað þá. Maður þarf alveg að vera skipulagður og horfa fram í tímann upp á að fá laun.

Rakel og Rebekka: Vá.

Sólrún: Af því líka það að fólk er bara þið eruð alltaf að fá gefins bara einhverjar vörur en þá er ég líka bara ef ég fæ allt gefins þegar ég fæ t.d. föt. Nú er ég að vinna með Zöru og hún fær bara

gefins föt úr Zöru. En gefins fötin mín úr Zöru, þau eru ekki að fara að borga rafmagnsreikninginn minn, ég er með tvö börn í skóla og íþróttum og bara allt sem maður þarf að borga af, lánunum og húsinu okkar. Já, æji ég er náttúrulega í samstarfi með Arion Banka og já náttúrulega Zara þarna sem ég var að vinna með í Smáralindinni þeir náttúrulega bara borguðu þetta bara niður. Þetta virkar ekki svona. Og bara að fá frítt stuff allsstaðar gerir ekki neitt nema bara að fylla bílskúrin hjá mér af einhverju drasli. Þannig maður verður svolítið að vera svona raunsær, hvað virkar, hvaða skapar mér mestar tekjur og eins og með dagbókina það er ótrúlega þægilegt að hafa það svona „on the side” að fá síðan svona ársuppgjör af því. Þannig maður þarf svona þínu að hugsa mjög langt fram í tímann. Sem getur líka alveg orðið þreytandi. Stundum væri fínt að vera bara átta til fjögur einhvers staðar og fá bara útborgað.

Rakel: Ertu þá bara skráður verktaki?

Sólrún: Já, ég sko á fyrirtæki og ég fæ allt greitt inn á fyrirtækið og svo borga ég mér út laun.

Rakel: Bara Sólrún Diego ehf.

Sólrún: Maðurinn minn hérna já, stofnaði þetta en það er SD media og það er hræðilegt. Ég bara fer einhversstaðar og segi kennitöluna og SD media og ég bara eitthvað já.

Rakel: Samt alveg gaman.

Sp. 8: Hvernig nærð þú að halda í trúverðleika fylgjenda þinna á sama tíma og að auglýsa vörur?

Sólrún: Já bara klárlega, það er að vera bara samkvæm sjálfum sér og það er svo ógeðslega góð lína, eða ég veit ekki hvort þið munið þegar það voru ógeðslega margir á samfélagsmiðlum að reyna að vera eitthvað á samfélagsmiðlum. Eiginlega allir sem hættu er fólk sem voru að viðhalda karakter sem þau voru ekki. Það er ógeðslega auðvelt að koma fram og vera bara einhver karakter en það er erfitt að viðhalda einhverju sem ert ekki þú. Því meira sem þú ert bara þú og sýnir allar hliðar af þér af því að ef ég segi frá því að ég sé að ganga í gegnum eitthvað erfitt, það eru svo ógeðslega margir sem tengja við það. Þá ef þú sýnir ekki bara góðu hliðina, þar af leiðandi tengir fólk við það sem ég geri og þegar ég síðan auglýsi eitthvað hefur fólk þessa tengingu við mig og trúir þá því sem ég segi. Það hefur svolítið síðan verið finnst mér svona það besta í þessu samfélagsmiðla dóti er bara að ekki sýna bara hvað er gott heldur að einhvern veginn deila svona

flestu. Þó það sé líka alveg krefjandi að fólk viti einhvern veginn rosa mikið um mann og það sem maður er að gera en það heldur svolítið trúverðugleika mínum finnst mér. Sem er já að fólk „in the end” er þetta bara að ef þú tengir við einhvern þá ertu líklegri til þess að verða fyrir áhrifum.

Sp. 9: Finnst þér mikilvægt fyrir þína fylgjendur að þú sért með einhverja sérstöðu?

Sólrún: Uu já, af því ég held að þú ert alltaf að leitast eftir einhverju og ég held að sérstaðan mín var alltaf bara þrif. Sem síðan svolítið breyttist því ég gaf út bækur um þrif og þá fannst mér svolítið svona sá kafla kannski ekki búinn en orðinn svona þreyttur. Þegar fólk tengdi mig bara við þrif og það hafði líka ógeðslega mikil áhrif á mig persónulega að gefa mig bara út fyrir það. Af því það kom fólk heim til að taka myndir fyrir bókina og fólk kom heim og bara eitthvað opnar allt heima og bara já ég hélt þú værir alltaf svo skipulögð, það er nú ekki allt svo hreint heima hjá þér og svona kommenta á allt. Það er ógeðslega erfitt líka fyrir egóið manns og maður bara það býr samt einhver hérna, ég er með tvö lítil börn. Ég er ekki eftir öllum bara eitthvað, ég bý ekki á skurðstofu. Þannig þá fannst mér alveg fínt að hvíla það aðeins en ég geri það svo mikið með. Þannig að ég held að eins og ég sagði áðan, ég er að selja ákveðinn lífsstíl og þá er það svo, það getur verið svo vítt. Það er einhver sem tengir við mig sem er sama kyn eða er í svipaðri stöðu og ég eða vinnu og svona þá er ég, ég er með svo breiðan hóp. Eins og ég er með fullt af stelpum sem eiga ekki börn en elska þegar ég sýni eitthvað svona outfit tengt eða eitthvað skipulag heima. Það þurfa allir að borða þannig ég er oft með mjög mikið af uppskriftum og þannig, það er alltaf ógeðslega mikið „sell.” Og þegar ég set einhverja uppskrift inn svona þegar ég nenni því þá tekur það ógeðslega langan tíma þá spyrja allir um það helvítis sama, samt segi ég sama hlutinn hundrað sinnum. Þau spyrja bara hvað notarú í þetta og það stendur hvað ég notaði í þetta, þá verður maður svo þreyttur á því en þá finn ég að þá bara hrúgast fólk skiluru. Af því ég er náttúrulega með lokað Instagram, þá byrjar fólk að requesta að followa og þá er maður svona mm okei, þá sér maður alveg hvað virkar. Þannig að já.

Rebekka: Já af hverju ertu með það lokað?

Sólrún: Sko ég gerði það eiginlega bara svolítið fyrir sjálfa mig. Af því að bæði það að þegar þú ert með svona „business account”, þá sérðu ógeðslega mikið svona insights og það er bara ekki hollt fyrir neinn að vera að fylgjast með insights. Bara af hverju eru hérna 30 manns búnir að unfollowa mig í dag eða skiljið þið. Maður bara fær þetta á heilann og þegar þú ert að vinna með fyrirtækjum og sérstaklega ef þú ert með umboðsmann, ég er samt ekki með umboðsmann, þá

þarftu að senda insights, þú þarft að senda þessar upplýsingar. Mér leið eins og ég væri bara svona hamstur í hjóli sem væri bara eitthvað svona, að samfélagsmiðlarnir væru bara ég. Ég var farin að hætta að gera þetta af því mér fannst það skemmtilegt því ég var alltaf að reyna að „pleasea“ fólk. Af hverju er fólk að unfollowa mig, alveg eins og ef fólk er að followa mig og líka það að ég gat séð í insights hversu margir horfðu á „storyin“ mín og skoðuðu miðlana mína en voru ekki að followa mig. Þá stundum bara 12.000 á viku, 12.000 accountar sem komu inn á „searchuðu“, leituðu, skoðuðu highlights og eitthvað en voru ekki að followa mig. Þannig að ég bara svona okei ef ég læsi Instagraminu mínu þá er það þínu eins og þú þarft að vera í áskrift til þess að fylgjast með. Líka það að mér finnst ég hafa meiri stjórn á því hver fylgist með þegar ég get „removeað followers.“ Það er einhver, æ ég veit ekki hvaða dæmi ég á að taka. Ég á til dæmis fjölskyldu, alvöru pabbi minn, ég á fjölskyldu þar og ég tala ekki við þau og þau eru bara fólk sem mig langar ekki að hafa í lífi mínu en þau voru öll að fylgjast með öllu sem ég gerði. Það fór bara óstjórnlega í taugarnar á mér þannig ég hugsaði bara hmm ef ég loka Instagraminu mínu þá get ég bara „removeað“ þetta fólk. Það eru svo margar hliðar. Mér hefur liðið mjög vel með að hafa Instagramið mitt lokað. Það gefur mér einhverja stjórn yfir miðlinum mínum en ekki að miðillinn stjórni mér. Þannig já það er eiginlega helsta ástæðan. Og líka bara það að það byrjuðu, ég fékk einhverja 20.000 fylgjendur á einhverjum þremur mánuðum sem byrjuðu að „followa“ mig, þurftu að „followa“ mig. Þannig það var gott fyrir mig að loka. Og sama þegar Lína lokaði sínu til að testa þá fékk hún einhverja auka 10.000 fylgjendur eða eitthvað. Fólk var alveg að fylgjast, það var fólk sem var svo forvitið og var að „followa.“

Sp. 10: Myndir þú auglýsa vöru sem er fyrir utan þitt svið?

Sólrún: Sko það fer ótrúlega mikið eftir því hvað það er. Ef ég veit að það mun kannski nýtast einhverjum sem er að fylgjast með þá já. En ef þetta væri bara algjörlega út úr karakter fyrir mig þá nei. Af því mér finnst ég bara ekki þurfa þess. Ég er ekki í þessu til þess að, af því ég fæ svo góðan díl. Líka því meira sem ég segi nei, því eftirsóttari verð, það er meiri eftirspurn eftir því að vinna með mér af því ég er svo gjörn á að segja nei. Mér finnst það líka svona að maður má ekki segja já við alla.

Rakel: Þú myndir ekki bara fara og taka upp „gaming channel“ á morgun?

Sólrún: Nei og líka bara ég fæ oft fyrirspurnir til að auglýsa vín. Það má ekki auglýsa vín á Íslandi en það eru mjög margir sem gera það og þau eru náttúrulega með auglýsinga „budget“ og fá, í

útlöndum er þetta ekki alls staðar svona. En þau fá auglýsinga „budget“ frá öðrum þannig þau eru með „budget“ til að auglýsa og þá er manni boðið oft mjög háar upphæðir fyrir að auglýsa vín. Bæði það að mér finnst vín ekkert spes skiluru eins og ég drekk ekki rauðvín eða hvítvín eða bjór eða eitthvað sem er oft verið að auglýsa. Ég fæ mér alveg kokteil eða eitthvað en þannig að eins og upphæðirnar sem maður hefur fengið í skiptum fyrir að auglýsa vín en ef ég hugsa ég er með alveg, auðvitað er einhver markhópurinn minn ungt fólk. Mér finnst ekki, mér finnst það taktlaust. Fullt af fólki er í áfengis vandræðum eða það stuðar fólk eða er triggerandi og þá er ég bara nei frekar sleppi ég því. Allt svona, ég pæli alveg í svona hlutum. Af því ég vil heldur ekki að stelpan mín er bara eitthvað, finnst kannski einhver kona sem hún tengir við og finnst spennandi að fylgjast með þegar hún er kannski 15 ára og sú kona fari allt í einu að auglýsa vín, mér finnst það taktlaust. Það er margt svona eins og þegar fólk er að auglýsa Lyft eða eitthvað í vörina bara „why“? Það er bara af því það má ekki auglýsa þetta neinstaðar og þetta er bara svona grá lína.

Rebekka: En mér finnst samt vín tengjast út af því að þú ert með mat og svona.

Sólrún: Já en ég er samt, það er síðan bara val hjá fólki hvað það fær sér með af því maðurinn minn drekkur mjög mikið rauðvín skiljið þið. Það sést alveg stundum að það sé rauðvínsflaska á borðinu en ég er ekki bara eitthvað með miðann eða að hella í eða eitthvað þannig þetta sé kostuð auglýsing. Þannig mér finnst það svolítið vera, já. Svo veistu líka aldrei hver er að horfa. Ef það verður til þess að ég stuði einhvern og einhver fer og kaupir sér vín sem á kannski við vandamál að stríða, það finnst mér bara svona. Af því að þetta eru svo margir sem eru að fylgjast með og maður veit aldrei. Kannski er líka af því það er svo náið fólk mér sem á við vandamál að stríða við áfengi og fíkniefni og eitthvað. Þá er þetta eitthvað sem ég er alveg nei og ég sýni eiginlega aldrei ef ég fer á djammíð eins og margir gera og gerðu sérstaklega þegar Snapchat var og allir að eyða daginn eftir. Þetta er einhver lína sem ég er bara nei þetta er ekki þess virði.

Rebekka: Nei þetta er mjög góður punktur. Ég var ekki búin að pæla í því.

Rakel: Nei ekki ég heldur.

Sp. 11: Hvernig finnst þér áhrifavaldamarkaðssetning hafa þróast síðastliðin ár? Telur þú hana vera áhrifaríkari núna en hún var?

U nei ég held að fólk sé að pæla meira í því hvað það fylgist með og fólk er ekki eins mikið að stökkva og kaupa það sem, eins og þetta var. Fylgjandinn eða áhorfandinn er miklu meira að spá í

Því fyrir hvaða áhrifum hann verður bara því þetta er búið að þróast svo mikið og margir sem þola ekki að sjá auglýsingar. Svo er ekki bara það að ég auglýsi eitthvað að það komi síðan „sponsored ads” á milli auglýsinga eða því sem þú fylgist með sjálfur, fólk er orðið alveg frekar þreytt á þessu. Þannig það hefur alveg dregið úr finnst mér trúverðugleikanum. Ég myndi segja það. Fólk er minna að auglýsa líka á samfélagsmiðlum.

Rakel: Heldurðu að það sé þá erfiðara fyrir manneskju núna að verða áhrifavaldur?

Sólrún: U ég myndi segja á Instagram já en nú er bara ógeðslega mikið TikTok og YouTube og eitthvað og þá er fólk að fá borgað frá TikTok og YouTube. Instagram greiðir ekki eins og hinir miðlarnir. Fólk er að fá já, en ég veit að það eru fá íslensk fyrirtæki að trúa á að það virki, TikTok dæmið sko en eru tilbúin kannski til að gefa hluti og eitthvað. En það eru ekkert margir að auglýsa auglýsa á TikTok, þetta er meira bara eins og að. Ég held að ástæðan fyrir því að TikTok sé svona vinsælt sé því þetta er bara eitthvað svona þú ert að horfa á eitthvað, þú „zonear” út, þetta er heilalaust eins og þegar þú kveikir á einhverju heilalausum efni í sjónvarpinu og ert ekki þarna til að verða fyrir áhrifum. En þú ferð á YouTube, Instagram og Pinterest til að verða fyrir áhrifum, til að fá eitthvað inspo. Þetta er bara svo ólíkur miðill. En ég held að þetta hafi svolítið dregið úr áhrifavaldamarkaðssetningu.

Sp. 12: Hvernig sérðu fyrir þér hlutverk áhrifavalda þróast í framtíðinni og hvernig heldurðu að þetta muni hafa áhrif á hegðun neytenda og kaupvenjur?

Sólrún: Sko ég held að þetta muni aldrei hætta og þetta á einhverjum tímapunkti nær þetta náttúrulega einhverju hámarki eins og Instagram. Ég held að Instagram sé alveeg svolítið búið að ná hámarki, því þið sjáið líka Instagram miðillinn sjálfur er búinn að vera alltaf í einhverjum breytingum. Bara eitthvað að fókusa geðveikt mikið á „reels” og svo núna eru þau að fókusa aftur á myndir af því að TikTok er komið með svo mikið af vídeóum og eitthvað. En ég held að það komi líka alltaf eitthvað nýtt og nýtt og ég held það sé ekki langt þangað til það komi nýr miðill sem á þá eftir að verða eins og TikTok var. Fólk var svona spennt að prófa eitthvað en ég held samt að eins og YouTube og Instagram og svona þessir miðlar eigi alltaf eftir að rúlla en aðallega hjá fólki sem er orðið stórt nú þegar. Ég held það sé erfitt að ætla að byrja að verða stór, ekki nema þú sért þekktur fyrir eitthvað eins og Love Island fólkið sem fer og það fær líka bara eitthvað herna samninga við fimm stærstu fyrirtækin og það er búið svolítið að vinna vinnuna fyrir þau. En ég held það sé ógeðslega erfitt að ætla að byrja frá grunni að verða bara, þið sjáið eins og Molly Mae

hún er huge en hún var líka stór áður en hún fer inn í Love Island. Ég meina þau eru pikkuð út, þau eru „scoutuð“ út frá því hvað þau eru að gera. Og bara svona gert ráð fyrir því að þau verði fræg síðan á endanum en eins og bara ef manneskja ætlar einhvern tímann að ná að komast þar sem að Molly Mae er, þarftu að vera búin að fara í gegnum ógeðslega mikla vinnu. Ég held líka bara í dag að fólk nenni þessu ekki af því þú ert aldrei að fara að fá tekjur í byrjun. Þú þarft alltaf að vinna ógeðslega mikla vinnu í einhver ár til þess að komast á stað þar sem þú getur bara farið að lifa af þessu. Þannig ég held það. Það er svo erfitt að komast yfir svona, ef ég tala fyrir Ísland þá stoppa flestir í svona 5.000.

Rakel: Fylgjendum?

Sólrún: Já þeir sem að byrja nýjir. Það er svo erfitt að komast yfir 10.000 fylgjenda múrinn. Vitið þið hver Agnes Björgvins er?

Rakel og Rebekka: Nei.

Sólrún: Okei, hún er ógeðslega flott stelpa og byrjaði bara svona í Covid með sitt fyrirtæki og hún er svona gott dæmi um svona micro influencer. Hún er með 4.000 fylgjendur, byrjaði bara í 1.000 og ég eitthvað svona mældi með henni og einhverjir fleiri sem svona gáfu henni þínu „shoutout“ af því hún er bara ógeðslega flott og gerir sjúklega flotta hluti, er förðunarfræðingur og eitthvað. Hún er með ógeðslega skemmtilegt content, svona content eins og þú myndir fylgja eða ef þið fílið Molly Mae. Allt svona ógeðslega stelpulegt content.

Rakel: Já, mjög stílhreint. (Skoðar Instagramið hennar)

Sólrún: Já þetta er svona ekta, hún er bara ógeðslega, hefur góða möguleika á þessum miðli en hún bara nær ekki að stækka. Hún bara stækkar ekki meira þannig ég held það sé ógeðslega erfitt að komast yfir. En hún er samt gott dæmi um micro influencer því allt sem hún gerir virkar fáránlega vel, hún selur ógeðslega mikið því hún er með svo loyal hóp. Þegar fólk er eitthvað svona eða fyrirtæki eru bara nei hún er með svo fáa fylgjendur en það hefur samt ekkert að segja því það er alltaf bara ákveðinn hópur sem kaupir allt sem þú segir eða sýnir því áhuga sem þú ert að auglýsa. Þá skiptir ekki máli hvort þú sért með 20.000 fylgjendur eða 5. Hún er ógeðslega gott dæmi um það, ég er núna búin að vinna með henni í, þar sem ég er markaðsstjóri og virkar ógeðslega vel, miklu betur en þeir sem eru með stærri miðla.

Rebekka: Er það?

Sólrún: Já. Þannig ef þú skoðar erlendis, fyrirtækin vilja frekar svona micro influencers sem eru með fáa fylgjendur en svona loyal fylgjendur og eru þá bara að fókusa á local hópinn. Þá bara local búðin og þú ert þá að fá fólkið til þess að fara á þá staði en þú ert ekki eins og Molly Mae að auglýsa eitthvað ég veit ekki föt sem eru í einhverri netverslun þar sem allir geta verslað eða snyrtivörur sem allir geta keypt skiljið þið. Þá ertu bara með annan fókus. Þannig að, en ég held að þetta eigi alveg eftir að breytast að það eigi eftir að koma svona færri minni af því þessir stóru nenna heldur ekkert að sinna þessu. Þið sjáið bara eins og crossfit fólkið sem er með stærstu miðlana þau nenna ekkert að sinna þessu, þau eru aðallega bara einhver opinber ímynd.

Rakel: Þau eru með NOCCO, Unbroken, klassísk dæmi.

Sólrún: Já og Nike eða einhver föt. En líka oft þeir sem eru svona stærstir útaf einherjum íþróttum eru ekkert að fá neitt borgað, oftast ekki.

Rakel: Ekki?

Sólrún: Til dæmis Nike borgar eiginlega engum, NOCCO borgar mjög lítið og 66 borgar held ég eiginlega engum.

Rakel: Þá bara vörur?

Sólrún: Já. En þú veist það er til dæmis eitthvað sem ég myndi, samningur sem ég myndi ekki taka. Ég myndi ekki þurfa þrjár úlpur yfir árið skiljið þið. Ég myndi frekar vilja fá laun og eina úlpu. Þetta er bara svo mismunandi hvernig fólk lítur á þetta.

Rakel: Algjörlega. Mér finnst samt alveg áhugavert, þú sagðir þarna með Love Island, ég var án djóks að kíkja á þetta í gær af því ég er að horfa á nýjustu seríuna.

Rebekka: Já ég líka.

Rakel: Já ég var að kíkja á Instagram og þau eru öll bara með eitthvað 10.000 fylgjendur eða 20.000.

Sólrún: Já en eins og serían þegar Molly Mae var þá voru allir komnir upp í eitthvað 300.000 bara í miðri seríu. Þetta er það sem er að breytast, fólk nennir ekki að fylgjast með svona miklu lengur sko.

Rakel: Nei en það er líka að þau eru ekki að setja, það er enginn að vinna fyrir þau núna á meðan þau eru í þættinum. Það var alltaf verið að pósta klippur úr þættinum. Ég veit ekki alveg af hverju þau eru ekki að gera það núna. Kannski „spoiler” eða eitthvað.

Sólrún: Nei og líka þau voru að fá oft svona fjölskyldumeðlimi til að pósta einhverjum gömlum myndum og þetta var svolítið skrítíð „concept” sko. Ef þú þælir í því.

Rakel: Já, það var það stundum.

Sólrún: Þú átt alveg history af allskonar spjöllum með öðrum þarna inni. Það er bara aðgengilegt þá fyrir alla sem vinna að miðlinum þínum sem er líka svolítið skrítíð.

Rakel: Þetta er allt frekar mikið „sketchy” dæmi.

Sólrún: Mhm.

Rakel: Eins og fyrst ertu í sambandi með einum og svo ertu allt í einu komin í couple með öðrum og ert bara með sama gæja fyrir tveimur vikum hérna og svo komin með nýjan. Já ég veit ekki alveg með það.

Sólrún: Já það er allt mjög skrítíð. En það er, þessir þættir eru náttúrulega bara markaðssetning. Ég meina allt sem þú sérð þarna inni er kostað, reyndar er núna Missguided er hætt eða fór á hausinn. Þau voru alltaf í fötum frá Missguided og gátu bara valið en núna er það ekki þannig en eiginlega allt annað er kostað sem þú sérð. Þegar þú sérð í bakgrunninum bara sólarvarnir og þau eru oft að gera svona auglýsingavídeo sem fara síðan inn á Love Island síðuna þar sem þau eru í viðtalinu, þar sem bakgrunnurinn er. Oft eru þau bara að taka af sér makeupið með vörum og eru að auglýsa eitthvað sem við sjáum ekki sem horfum á þættina en þú sérð það síðan bara á samfélagsmiðlum. Eins og Olivia og Lana voru um daginn bara eitthvað að taka af sér makeupið og voru bara eitthvað að nota fullt af vörum og sitja bara í bakgrunninum í viðtalsherberginu og þetta er greinilega bara partur af þáttunum. Þetta kemur síðan bara sem sponsored auglýsing fyrir fyrirtækið sem kostaði.

Rakel: What? Ég vil ekki fylgja þessu á meðan svo ég fái ekki „spoiler”.

Sólrún: Ég sá þetta bara á TikTok sko, bara frá einhverju svona fyrirtæki sem var að auglýsa.

Rakel: Áhugavert. Það eru líka komnar svo miklar reglur með þetta, hvernig allt virkar.

Rebekka: Þetta er nú bara fyrsta serían sem ég horfi á.

Rakel: Er það?

Rebekka: Já ég hef aldrei horft á þetta áður.

Sólrún: Þú verður þá að horfa á Molly Mae seríuna hún var best.

Rakel: Var það ekki 5, 4?

Sólrún: Já held það 5 já

Rebekka: Já hún er bara orðin baby mama.

Rakel og Sólrún: Já.

Rakel: En hún var samt líka hötuð þegar þættirnir voru því hún fékk eiginlega bara neikvæð ummæli. Það var bara alltaf þegar hún kom út að fólk hataði hana. Fáránlega mikið en nú er hún allt í einu bara fáránlega stór.

Sólrún: Já það var líka bara af því að fólk hélt hún væri svo mikið fake. Hún væri bara með Tommy því hann væri boxari og eitthvað svona en síðan held ég að hún hafi fengið svolítið að skína og sérstaklega með YouTube rásinni sem hún var með þar gat hún svolítið gefið út frá sér hver hún er. Það er einmitt eins og með podcastið hjá okkur stelpunum. Ég þurfti aldrei neitt eitthvað mikið persónulegt eitthvað ég að tala á Instagram af því að ég nota bara annan platform í það. Þannig með podcastið þá getur maður svolítið sagt bara það sem manni finnst og það tengir fólk meira við mann.

Rebekka: Ertu að auglýsa eitthvað á podcastinu þínu?

Sólrún: Já, við erum vanalega með svona fjóra sponsa.

Rebekka: Okei. Finnst þér það svona ef þú berð saman Instagram og Podcastið?

Sólrún: Já það er svolítið ólíkt sko en við til dæmis vorum að auglýsa Maarud fyrir jólin og við vorum síðan bara þetta er stærsta ár Maarud síðan þeir byrjuðu í auglýsingum. Bara aldrei selt svona mikið af Maarud eins og fyrir jólin núna þannig að þá er maður alveg svona já okei þetta greinilega virkar alveg. Þá ertu bara svona, við erum bara að smjatta á meðan þú ert með okkur bara í eyrnargöngunum og við erum bara þetta er geggjað snakk. Það er svo áhrifaríkt, sem er alveg

fáránlegt þannig maður verður svolítið svona að passa hvað maður er að auglýsa þar. Fólk verður svolítið að langa í það sem þú ert að auglýsa þegar þú ert að auglýsa það. En greyið fólk þetta sem hlustar á okkur smjatta.

Rakel: Það er bara gaman. Ég elska smjatt.

Sólrún: Fólk er stundum bara eitthvað óþolandi að hlusta á ykkur, ég þarf bara að slökkva og maður bara æji okei.

Rakel: Okei þá máttu bara fara eitthvert annað.

Sólrún: Nákvæmlega.

Sp. 13: Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi samstarf við fyrirtæki sem áhrifavaldur?

Sólrún: Kannski bara það að ég held þetta sé ógeðslega mismunandi, einstaklingsbundið. Það sem mér finnst og ég geri er ekkert endilega það sama og einhver annar. Þannig að þó svo þetta sé svolítið í grunninn, það sem við stelpurnar, vinkonur mínar eru að gera það sama og ég. Þetta er það sem við ræðum og okkar upplifun en svo kannski er einhver sem hefur bara ekki eins mikinn áhuga á því sem við erum að gera og svolítið bara setur eitthvað inn og þælir ekkert í því. Ég held þetta sé persónubundið en in the end er þetta bara ef þú vilt ná árangri á samfélagsmiðlum þá þarftu að þæla í því. Eins og þú varst að segja, ég vissi ekki hvað það væri mikil hugsun á bakvið þetta. En ef þú ættlar eitthvað með þetta eða bara alveg sama hvað þú ætlar að gera, þú þarft að setja smá effort í þetta til þess að þetta gangi upp. Því það gerist ekkert að sjálfu sér. Ég held að fólk haldi það svolítið. Það fái bara allt upp í hendurnar og gangi bara geðveikt vel. Svo er þetta svolítið einstaklingsbundið.

Appendix G: Interview with Influencer Helgi Ómarsson

Sp 1: Hver eru þín helstu samstörf? Hvers konar áhrifavaldur ert þú?

Helgi: Ég er búinn að vera lengst í samstarfi við Core og 66 Norður og er búin að vera með 66 síðan 2012 eða 2013 og það er búíð að vera mitt lengsta samstarf og Core eða NOCCO, þau voru fyrsta fyrirtækið til þess að borga mér fyrir samstarf. En hvað varðar að vera áhrifavaldur þá finnst mér markaðs factorinn vera það sem gerir starfið skemmtilegt. Mér finnst ekkert gaman að taka myndir af mér eða af endilega einhverjum vörum. Mér finnst miklu skemmtilegra að ljósmynda og gera þetta flott, gera einhverja hugsjón, gera einhverja útfærslu sem er fresh. Þess vegna að vera áhrifavaldur er kannski auka að þessu leyti en ég vill vera áhrifavaldur með því að láta gott af mér leiða, sem ég geri. Ég vill alltaf miklu frekar aðstoða fólk við að átta sig á einhverju nýju. Ég hef líka verið með fjáraflanir. Tvö ár í röð gerðum við UNICEF fjáröflun þar sem við söfnuðum einhverjum einni og hálfri milljón á 24 tímum. Svo núna í nóvember í Thailandi þá endurbyggðum við nuddstofu og borguðum fyrir skólabarnið þeirra og alls konar fallegt. Ég vil vera áhrifavaldur sem actually hefur jákvæð áhrif en ekki bara endilega í einhverri kapitalísku brjálæði heldur bara hafa áhrif sem að gerir gott. Ég vinn líka alltaf bara með fólk sem mér líður vel með, ég segi nei við samstörf ef ég fæ eitthvað off og ef að ásetningurinn og vörurnar eru ekki þannig að það gæti látið fólk líða vel þá er það eitthvað sem ég hef alltaf í huga. En já áhrifavaldur sem hefur góð áhrif.

Rakel og Rebekka: Vá mjög góð og falleg hugsun.

Helgi: Já annars myndi ég ekki njóta þess. Um leið og ég geri eitthvað sem er ekki í takt við mig þá missi ég allt drive, ég fæ ekki ánægju útúr þessu. Við eigum bara að gera það sem veitir okkur ánægju.

Sp 2: Hvernig byrjaðir þú að starfa sem áhrifavaldur?

Helgi: Þetta byrjaði örugglega bara á Trendnet, ég var að vinna hjá Eskimo þegar ég fæ skilaboð frá Elísabetu Gunnars „viltu vera með á vefsíðu sem er Trendnet“ og ég hélt að ég væri að fara vera blaðamaður eins og Lífið „Gigi Hadid hætt með....“ eða eitthvað, en svo var það blogg sem kom skemmtilega að óvart og þannig rúllar þetta. Ég held að Trendnet hafi alveg verið stór þáttur í að skapa þetta hugtak af því að við byrjuðum þar svolítið í bloggi og þá var Instagram eiginlega

ekki neitt, bara eitthvað geðveikt grillaðir filterar og óspennandi myndir og ekkert sem hét paid partnerships en það var alltaf á Trendnetinu á blogginu og það var ágúst 2012. Svo bara óvart fórum við að taka hlutina sem voru að gerast á blogginu yfir á Instagrammið og svo bara einhvern veginn rúllaði það og það er bara það sem gerðist, pretty boring answer.

Rakel: Það eru alveg margir sem tala um að hafa byrjað með bloggið

Helgi: Já það er rétt, já það var mjög góð leið til þess að láta þetta snjóboltast í það sem þetta er.

Rakel: Bloggið, Snapchat, Instagram

Helgi: Já svo fór ég á Snapchat eitthvað en ég var ekki eitt af þessu stóru stóru sko. Þarna kom Aron Mola, Sólrún og svona en ég held að ég hafi verið með kannski 8.000 views á story og mér fannst það glatað. Af því að ég vissi að þetta var í svo miklu blússandi þá sko en hérna jú jú þetta var alveg gaman. Snapachat, maður er smá búinn að gleyma því.

Rakel: Það var alveg þannig að maður loggaði sig inn og horfði á þetta í röðum.

Helgi: Algjörlega, vá ég var eiginlega búinn að gleyma Snapchat. En já það er skemmtilegt að horfa til baka og sjá hvernig þetta hefur þróast.

Sp 3: Hvar ert þú helst að auglýsa þín samstörf? Telur þú einhvern miðil vera áhrifaríkari en annar?

Helgi: Instagram er aðal miðillinn minn, bloggið er núna komið soldið í þriðja sæti og svo er podcastið „Helgaspjallið“ í númer tvö af því að þar getur maður líka tekið mjög persónulega nálgun en þar eru alltaf sömu fjórir, það eru fjögur auglýsingapláss.

Rakel: Ertu eitthvað á TikTok?

Helgi: Ahhh getið þið kennt mér á TikTok? Ég er hræðilegur á TikTok. En það sem ég veit samt er að ef ég fer ekki á TikTok núna þá missi ég af lestinni. Ég vinn með markaðsskrifstofum og heildsölum sem ráðgjafi og þetta er að fara vera blússandi. Og sko verðin sem eru komin inn, ég var að ráða eina í TikTok og þetta voru bara hundruð þúsundir fyrir eitt TikTok.

Rebekka: En TikTok borgar samt ekki.

Rakel: Nei það er ekki komið.

Helgi: Nei það fer örugglega allt að koma en þetta fer allt í gegnum bara borguð samstörf. Þetta er mjög öflugur miðill. Ég fer að fara þangað.

Rebekka: Já það er svo létt að horfa og missa sig á TikTok.

Helgi: Ómægat já ég er gjörsamlega háður þessu.

Sp 4: Hver er þinn helsti markhópur og þá á hvaða aldursbili?

Helgi: Sko ég held að ég sé frekar heppinn með að vera með rosalega víðan aldurshóp. Ég er með konur örugglega af því að ég er hommi eða eitthvað. Ég ætla að tékka á Instagram insights. Aldurinn 25-34 eru 41%, 35-44 eru 22%. Ég er með alls konar, þetta er rosalega dreift. 18 – 24 ára eru 20%, 25-34 ára eru 40%, 35-44 ára eru 20% og 45-54 eru 10%. Svo er ég með 81% konur og 18% menn en samt er ég a male influencer. Íslendingar eru þannig að þeir vilja bara fylgjast með, þeir eru forvitnir en ég væri til í fleiri karlmanns fylgjendur. En svo 82% eru Íslendingar, þetta er góður hópur, þetta er hópur með peninga. Þess vegna er held ég fólk eða allavega þeir sem ég vinn með ánægðir með í rauninni tölurnar en svo líka er þetta þannig að það er svo mikilvægt með áhrifavalda sem ég tek mjög alvarlega er það þú veist þetta concept sem að heitir brand awareness. Ég reyni að fara í stóru kúnnanna, þá í rauninni er verið að reyna að fá mig til þess að fara inn í að fólk muni eftir brandinu og tengi mig við brandið og það er ógeðslega stór partur af þessu. Að velja vitlausan influencer fyrir ákveðið brand getur skaðað brandið, ekki af því að það er eitthvað að manneskjunni heldur bara af því að hún stendur ekki fyrir það sama.

Rakel: Finnst þér það líka vera öfugt?

Helgi: Ef ég fæ vitlaust brand?

Rakel: Já.

Helgi: Já algjörlega, ef að ég myndi fara vinna til dæmis með eða ef ég væri bara að hugsa um peninga, þá gæti ég farið í brönd sem að eru í rauninni ekkert í takt við mig og hvað ég elska, mínar hugsjónir og hvað er minn stíll, að þá myndi það örugglega gera það ágætlega gott fyrir brandið skiluru. Það er svona maður þarf að velja vel.

Sp 5: Kemur það eitthvað á óvart hvaða markhópa þú hefur verið að ná til?

Helgi: Nei í rauninni ekki, ég er náttla enginn dúddi, svona gaura gaur skiluru.

Rebekka: En kemur þér það ekkert að óvart því þú segir að þú sért male influencer að þú sért með 81% konur?

Helgi: Jú sko ég held samt að ég miðla mjög mikið af andlegri heilsu og sjálfsefingu af því að það er bara eitthvað sem ég er búinn að vera vinna svo mikið að. Það fallesta við einhvernvegin að vera bara opinn og þá sérstaklega að fólk vilji heyra hvað maður hefur að segja er að ég fer í gegnum mikla sjálfsvinnu, sérstaklega eftir 2020, eftir að ég skil og þá stækkaði markhópurinn mjög mikið, fólk vildi og fólk vantaði greinilega að heyra eitthvað. Sérstaklega bara með ofbeldissambönd, ofbeldishegðun, allt í einu voru ógeðslega margir í sömu stöðu eða svipaðri stöðu eða voru að átta sig á einhverjum hlutum sem þau höfðu ekki hugmynd um. Ég hafði ekki hugmynd um að ég væri í ofbeldissambandi í átta ár þannig af hverju ættu aðrir að gera það. Ég einhvern veginn tók það á mig að ég myndi nýta mína reynslu til þess að hjálpa öðrum og það er það sem að í rauninni er mín aðal áhrifavaldastaða og ég held að konur verða miklu meira fyrir ofbeldi heldur en karlar. Að því leyti kemur ekki að óvart að ég sé með mikið af konum. En svo eru fullt af strákum sem að followa mig og eru duglegir að spyrja um hvar ég fékk hitt og þetta. En þeir eru líka típur sem að þust það eru rosalega margir sem skrifa mér sem eru ekki að followa mig. Það er líka held ég ákveðin skömm að vera eitthvað æjji ég ætla ekkert að vera followa einhvern homma, það er alveg möguleiki að það sé einhver stigma í því að vera followa gæja sem er hommi sem ég þekki ekki neitt. Hvort það sé eitthvað svona æjji þetta lítur illa út fyrir mig eða eitthvað, það getur verið. En þetta er held ég bara svona, ég held að þetta meiki alveg ágætilegan sense og ég auglýsi allt frá stíl og tísku í bara allskonar snilld, ég veit það ekki. Mér þykir allavega ógeðslega vænt um þá followera sem ég er að ná til hvað varðar að aðstoða eða gera eitthvað gott fyrir. Þess vegna að því leyti kemur mér það ekki að óvart en ég væri alveg til í fleiri stráka.

Sp 6: Hvernig vörur eða þjónustu hefur þú yfirleitt verið að auglýsa þá í samstarfi við fyrirtæki?

Helgi: Guð ég þarf eiginlega bara að fara yfir þetta. Sko eins og núna er ég með Dr. Teal's en það er líka bara af því að ég elska það, ég ligg í það og ég bara nýti þetta sem að ég fer í það sem

ákveðin ritual þust ég hugleiði, ég geri þetta fyrir mig og þetta er eitthvað sem að höfðar mig mikið til, sérstaklega kvenna og vonandi stráka líka. Snyrtivörur mjög stór, ég á samning við Dior hérna heima og það er bara svona gott að geta tengt við svona stórt brand og það fylgir alveg ábyrgð að gera hlutina vel. Það eru rosalega mikið af stelpum sem að spyrja hvað á ég að gera fyrir kærastann minn, hvað á ég að láta kærastann minn kaupa, það kemur rosalega mikið þannig að yfirleitt er ég að miðla oft til kvenna sem eru að kaupa fyrir kærastann sinn. Það er ógeðslega gaman að efla stráka líka að hugsa um sjálfan sig og muna eftir því að það má alveg setja á sig concealer eða bauga fillera og líta vel út af því að þú veist við erum bara að gera þetta til þess að líða betur. Þess vegna er ég í deildinni en tíska, heilbrigði og snyrtivörur eru aðal. En svo finnst mér ógeðslega gaman að taka að mér eins og nammið sem ég var að gefa ykkur, það er allt í lagi að gera eitthvað svona, ég borða alveg nammi, ég get alveg meikað money á því að borða nammi og sýna frá því. En það er líka rosalega íslenski markaðurinn, þust hann er það lítill að þú þarft bara að velja vel og einhvern veginn setja þitt touch á þetta. En þarna kemur líka þetta brand awareness, ef að brandið er flott þá ættir þú alveg að gera eitthvað flott úr því líka. Þannig svona já, snyrtivörur, tíska, andleg heilsa.

Sp 7: Hvað telur þú að geri meðmæli þín áhrifarík hvað varðar sölu á vörum sem þú auglýsir?

Helgi: Ég er bara óþolandi heiðarlegur. Ég bara hata óréttlæti. Það er svona þegar að ef ég á að fara auglýsa eitthvað eins og bara krem þá sýni ég það mjög mikið í realsum að ég er að taka þennan tíma fyrir mig, ég er að fara inn á það og bara gera húðrútnu, ekki útaf kannski að selja heldur bara af hverju ertu að setja á þig kremið. Þú ert að sjá til þess að húðin þín sé góð, þú ert að taka tíma fyrir þig og láta þér líða vel og þú veist með því að kaupa krem sem þú elskar, þú ert að gera það fyrir þig. Þetta eru þannig concept sem ég reyni að covera. Þannig ég held að það sé því ég er mjög einlægur, ég get ekkert bull, ég þarf bara líka að finna. Það er ógeðslega gott að finna þú veist segjum ef að ég væri eitthvað „viltu vinna með þessu brandi“ og þú værir bara eitthvað „ehh uuf jájá“, þá er það nei. Ég passa alltaf þessi heiðarlegu já og heiðarlegu nei. If its not a hell yes, its a hell no. Og þá þarf ég bara að prufa það, fíla það og geta mælt með því. Ég er soldið heppinn að geta líka verið soldið þust ég set barið mitt soldið hátt. Þannig ég get ágætlega heppinn að vinna með mjög solid kúnum.

Rebekka: Maður finnur alveg klárlega hvað þú ert einlægur og það er ótrúlega erfitt að koma því fram svona á samfélagsmiðlum en maður bara finnur það svo mikið hjá þér.

Helgi: Er það? Ég held líka bara að ég er búinn að vinna svo hart að því að vera heiðarlegur, þetta er svona ákveðin regla sem ég gerði, ég rís og fell með öllu sem ég segi og geri. Ég myndi aldrei gera neitt sem ég gæti ekki sagt „jú ég sagði þetta“. Þust þið vitið bara að geta ekki tekið ábyrgð, þetta er bara versta concept held ég bara í nútíma samskiptasamfélagi. Það að vera ekki heiðarlegur, ef ég myndi segja já æji ég sagði hérna að vinkona þín væri leiðinleg, þá myndi ég segja jú ég sagði þetta en ég veit ekki af hverju ég sagði þetta. Kannski var ég bara í einhverjum hvatvísis gír í algjöru gríni og þetta var ekki fyndið grín. Að temja sér þessa samskiptaleið og þennan heiðarleika er bara ógeðslega mikilvægt bara í því að lifa. Þess vegna held ég að þetta er eitthvað sem ég tók geðveikt alvarlega og þjálfaði geðveikt mikið bara með sjálfum mér, persónulega og í hverju ég er og það set ég bara út á samfélagsmiðla. Ég set ekkert út sem ég er ekki. Fólk sér líka alveg í gegnum það og fólk sér í gegnum óheiðarleika.

Sp 8: Hvernig nærð þú að halda í trúverðleika fylgjenda þinna á sama tíma og að auglýsa vörur?

Helgi: Ég held að það sé bara með því að vera heiðarlegur og ég held að það sem ég tek líka alvarlega er það ef ég myndi fara mæla með einhverju, fólk myndi sjá í gegnum það og við sjáum í gegnum það á samfélagsmiðlum því það er bara eitthvað „I love this really cheap shampoo“ eða bara ef þú ert kominn í allt annað shift. Við höfum tekið eftir með áhrifavalda þegar eitthvað er algjörlega út úr þeirra karakter þá veit maður líka að „okay its a money job.“ Þess vegna held ég bara að vera heiðarlegur og trúverðugleiki er bara eitt það mikilvægasta við að vinna við þetta.

Sp 9: Finnst þér mikilvægt fyrir þína fylgjendur að þú sért með einhverja sérstöðu?

Helgi: Já eflaust sko. Þarna er líka þetta góða að ég spái aldrei útí hvað ég pósta, ég pósta bara því sem mig langar. Ég þarf aldrei að hugsa mig tvisvar um, ég get tekið myndir bara og ákveðið að ég ætla setja þetta inn. Þú heyrir alltaf „á ég að setja þessa mynd inn, nei“. Þú veist alltaf svarið sjáfur það er ógeðslega fyndið. Ég hlusta ekki á aðra af því að við vitum án þess að vita þetta, þú veist alltaf svarið. Mér finnst þetta ljót mynd af mér en Sigga vinkona er bara „jú ángríns þú ert ógeðslega sæt á henni“, og svo myndirú pósta henni af því að Sigga sagði þér að gera það en þú

munt alltaf finna fyrir því. En í rauninni sérstaðan mín hljómar mjög yfirborðskennd en ég er bara gæji sem vinnur with the best brands, the biggest brands. Þetta er líka bara sama og eins og ég var að vinna við módeliskrifstofu í 8 ár og módelin okkar bóka kannski Prada úti, þá þurfum við að sjá til þess að þau vinna bara með stærstu kúnnunum á meðan það er í gangi. Á meðan Prada er kannski fyrsti kúnninn og sýning í Mílano þá getum við ekki bara bókað þau í Hagkaup. Þau þurfa alltaf að halda einhverjum ákveðnum staðal og þetta er að sjálfsögðu að einhverju leyti yfirborðskennt en þetta er líka bara leikurinn. Ég tek þessu starfi alvarlega þegar kemur að því að skila mínu og gera það vel og gera góða vinnu en þetta er líka svona the game, og það er gaman bara eins og tölvuleikur.

Rebekka: Þú ert mikið í lífstíl, myndir þú fara auglýsa einhvern tölvuleik?

Helgi: Þetta er meira svona ég elska PlayStation en ég elska ekki Call of Duty, ég elska ekki byssuleiki. Þess vegna myndi ég ALDREI fara þangað en ef að Gamestöðin myndi biðja mig um að auglýsa PlayStation og svo einhvern leik sem ég fíla þá hugsa ég bara why not, geðveikt. Af því að innan míns Instagrams þá þarf ég bara að vera ég en sérstaðan mín er að sjálfsögðu að ég er svona þínu lúxus karla tútta og ég vill vera flottur í tauinu, ég vill vera gæi og ég er gæi þannig, en ég er líka samt alveg krútt heima hjá mér. Þetta er svona að leika sér við egoið sitt. Við erum öll með ego og ef þú týnir þig í því þá ertu ekki í góðum málum en ef þú ert að leika þér með það þá getur það verið gaman. Það má aldrei taka yfir, það má aldrei stjórna þér. Þess vegna sé ég það fyrir mér sem smá svona bara leikur, ég er bara að leika mér. En trúverðugleikinn minn fyrst og fremst er heiðarleiki og að efla fylgjendur og að geta hjálpað fólki með að átta sig á einhverju sem að getur hjálpað þeim, sérstaklega í ofbeldisumræðu og vernda sig gagnvart ofbeldi. Ég er ekki að benda á hver er ofbeldismanneskja, ég er bara að benda á hvað getur þú gert ef þú lendir í ofbeldismanneskju, þú setur mörkin ekki ofbeldismanneskjan. Ég vil að fólk læri að styrkja sig og ég vill meina að það sé sérstaðan mín. Ég vill vera áhrifavaldur sem að hefur actually góð áhrif á fólk. Þannig þegar það kemur að vörum og svoleiðis þá er það ég ætla ekki að segja að það sé auka en það er bara partur af því.

Rebekka: Það kom samt að óvart þegar þú sagðir að þú hugsir ekki mikið um það sem þú póstar því eins og Sólrún hún sagði að hún plani vikum fram í tímann og allt skipulagt hverju hún póstar.

Helgi: Nei ekki neitt skipulag hjá mér. Þetta er svo ógeðslega góð regla, þetta er líka ákveðinn andleg practice af því að sko mín ábyrgð er að gera það sem ég vill gera, þeirra ábyrgð er að ákveða hvort þeir vilja followa mig eða ekki. Þess vegna gæti ég aldrei verið að spá of mikið í öðrum af því að þetta er sama með ykkar samfélagsmiðla, þetta er bara þinn samfélagsmiðill. Það kemur manni ekkert við hverjir eru að followa eða hvað þeim finnst af því að þú getur ekki vitað það. Ef þú tókst mynd af þér og þú ert eitthvað að spá í hvað öðrum finnst, þú getur ekki stjórnað því, þú getur ekki eytt orku í það. Þetta er það sem ég hef nýtt í mína vinnu. Eins og í gær þá held ég að ég hafi sett inn þrjú póst af því að mig bara langaði það bara. Ég held nefnilega að vinna sem áhrifavaldur er bara mjög lærdómsríkt á andlegu hliðina, ég allavega trúir því. Þetta er það sem frelsaði mig frá því að hafa áhyggjur af lækum, views eða þetta og þetta og um leið og ég gerði það þá komu fylgjendur inn, engagementið hækkaði af því að ég var bara ég. En svo eru kannski aðrir áhrifavaldar sem nota þetta miklu meira sem bara eitthvað búðar business dæmi en þá missiru líka sálina. Im only about the soul. En þetta er búið að vera algjört key sko þess vegna mæli ég með þegar að þið póstið og finnst þið vera geðveikt sæt á mynd prófið bara að hugsa ekki of mikið um þetta, því ekkert annað skiptir máli.

Rakel: Vá hvað ég er að elska þetta hugarfar.

Sp 10: Myndir þú auglýsa vöru sem er fyrir utan þitt svið?

Helgi: Ef ég fíla það, ef mér finnst þetta allt í lagi þust ef að Nói Siríus væri með eitthvað súkkulaði sem ég myndi elska þá finnst mér ekkert mál að product placea. Ég var að vinna með Magnum ísnum og það er bara svona ákveðið stórt af því að það var líka í því að ég var eini sem að þú veist ef að við segjum að þið eruð núna með vöru og eruð vörumerkjastjórar og viljið að ég auglýsi segjum Magnum þá get ég líka spurt „okei ætlið þið að vinna með einhverjum öðrum?“ og þið mynduð segja „já við ætlum að vinna með Pálu“ og hún er ekkert eins og ég, hún er bara ekkert einhvern veginn kannski grand eða nett og það sem hún gerir hefur engin hugsjón þá get ég sagt „okei ég ætla ekki að gera þetta ef að þið eruð með hana, skoðið frekar Elísabetu Gunnars“. Ég og Elísabet Gunnars erum kannski svona kvenmanns karlmanns útgáfur af hvort öðru. Það er alveg ákveðið í því skiluru en já ég myndi gera það ef að það væri gert rétt og þá myndi ég líka bara nota mitt sérsvið að reyna láta það looka vel og bara flott.

Rebekka: Gera það á þinn hátt.

Helgi: Já en þá þarf líka bara að gotta pay the coins. En ef þetta væri eitthvað algjört waah þá myndi ég ekki gera það.

Rakel: Þú myndir ekki fara auglýsa leikföng eða eitthvað

Helgi: Nei nefnilega ekki sko en ég held líka það góða við það er að við getum alltaf stólað á okkur því við vitum alveg svarið. Sama eins og ég sagði, við höfum aldrei hist og þekkjumst ekki en þegar að ég talaði við ykkur þá bara svona já og fékk bara já tilfinningu. Það kom ekkert frá neinum stað nema bara einhversstaðar í undirmeðvitundinni og þá bara já. Það er mjög gott að skoða og kynnast undirmeðvitundinni, hún veit allllllt, mæli með.

Rakel: Hverri?

Helgi: Undirmeðvitundinni.

Rakel: Óóó hahah ég hélt að þú værir að tala um einhverja gellu.

Helgi: She's your best friend. Hún er gella.

Rakel: Já true.

Sp 11: Hvernig finnst þér áhrifavaldamarkaðssetning hafa þróast síðastliðin ár? Telur þú hana vera áhrifaríkari núna en hún var?

Helgi: Já hún er náttla búin að að vera dominera mjög mikið af því að við erum bara í símanum skiluru. Það er gaman að hafa verið með eins og þegar Trendnet byrjaði þá voru fyrirtæki eins og 66 sem að tóku strax þátt en þau benefittuðu mest af því. Þetta er soldið að taka þátt sem fyrst af því að svo kannski komu fyrirtæki seint inn í leikinn eins og bara fyrirtæki sem ég var að vinna með síðasta haust, það var bara eins og þau vissu ekki hvað þau voru að gera. Þá náttúrulega benefitta þau ekki, gotta get in the game. Þetta er jú, mér finnst þetta virka. Þust núna er ég kominn með og hef verið með skartgripalínu áður sem ég seldi og núna er ég kominn með aðra og ég veit bara að þetta er það eina sem ég er að fara gera, ég þarf að gera það. Þetta er bara að rétta fólkið sé að auglýsa. Svarið er já sem sagt.

Sp 12: Hvernig sérðu fyrir þér hlutverk áhrifavalda þróast í framtíðinni og hvernig heldurðu að þetta muni hafa áhrif á hegðun neytenda og kaupvenjur?

Helgi: Ég náttla miða allt við tískubransann og hvernig þau gera þetta þust ef þið sjáið bara Victoria Secret, englarnir voru ekki að virka lengur. Þau þurftu að hafa inclusivity og þuftu að hafa alls konar body types, þurftu að hafa alls konar stærðir, gerðir, tegundir. Ég vona að þetta muni þróa til hins betra. Það er náttla ákveðið brjálæði í gangi líka með eins og Love Island fólkið þetta er ákveðin leið til þess að bara eignast peninga. En fyrir mér þá snýst þetta ekki um peninga, það er bara bónus. Ég vona bara að með áframhaldandi vitundavakningu að fólk geri þetta bara vel og að fólk followi frekar fólk sem að lætur þig líða vel, hafi góð áhrif, eru gefandi í því sem þau eru að gera og að þetta muni næra meira kauphegðun sem hefur góð áhrif. Ég myndi aldrei mæla með neinum að kaupa eitthvað sem það þarf ekki. En eins og til dæmis ég get alltaf dottið á það jú við þurfum öll rakakrem, við þurfum öll sólarvörn. Ég hef kynnt sólarvörn Retinol, það er snilld, það virkar. Þú veist ef þú átt þaðkar, þaðaðu þig í magnesíum. Vítamín taktu vítamín. Ég allavega vona að þetta muni þróast þannig að við verðum miklu meðvitaðari um hvað við þurfum og hvað okkur langar. Að fólk kaupi það sem að það þarf ekki bara af því að það varð fyrir áhrifum frá einhverjum öðrum, mér finnst eiginlega ekki meika sense þar. Þess vegna vona ég að fólk fylgist fólki sem er gott fólk og standi uppi fyrir því sem er rétt eða geti miðlað einhverju áfram sem að lætur þig vera séður eða heyrður eða að einhver skilji þig. Þetta er allavega mín leið í þessum geira og mér líður vel með það og ég veit líka að sem neytandi sjálfur við eigum að geta unfollowað grimmt, 100%. En það eru líka fylgjendurnir sem þú vilt hafa sem vilja fylgja þér og sem vita að þú sért að gera gott og vera góður og hafa einhver góð áhrif. Mér finnst mjög mikið turnoff þegar þetta er bara eitthvað svona batterí, sálarlaust batterí. Þess vegna vona ég að framtíðin verði meðvitaðari um hvernig áhrifavaldur lætur þig líða.

Rakel: En þú vonar það, finnst þér það líklegt?

Helgi: Í þessum klickaða heimi. Mér finnst mjög erfitt að hugsa til þess að ungu strákarnir okkar sem að mér finnst bara einhvern veginn fara versnandi eru bara með fyrirmyndir sem að eru rapparar, dóp og gellur og þú veist klám og eitthvað svona mér finnst það hræðileg tilhugsun í alvöru mér finnst þetta ekki sniðugt og þetta hefur klárlega áhrif. Love Island skiluru þetta er bara fullt af einhverju toxic steruðu liði að þetta er að reflecta hvernig við högum okkur kannski í okkar

sambandi eða að við teljum þetta bara vera eðlilegt af því að þetta í rauninni er það sem er fyrir framan okkur. Mér finnst það ekki líklegt því miður en það er draumurinn minn að fleiri átti sig á því að þau geta nýtt samfélagsmiðla svo sannarlega til kauphegðunnar þú veist að eitthvað sé flott og þeim líði vel og ég elska ELSKA að skoða gæja sem er með geggjaðan stíl sem ég fæ innblástur af, ég fíla það og fæ eitthvað jákvætt útur því. En ef einhver aðili lætur mig líða illa um það hvernig ég lít út eða hvað ég hef ekki efni á einhverju eða eitthvað svoleiðis að þá vil ég getað gripið mig og sagt heyrðu þetta er ekki að gera mér gott og unfollow. Þess vegna svarið er nei, ég held að það sé ekki fara gerast strax allavega því miður en vá hvað ég vona að þetta verður framtíðin, framtíð samfélagsmiðla. Eins og þið sjáið bara TikTok þið vitið þegar þið horfið á einhver video sem að bara hlýja þig niður í garnir, elska það.

Rebekka: Finnst þér margir á Íslandi vera óheiðarlegir eða gera þetta fyrir peninginn?

Helgi: Mmmm ég hugsa bara fyrst um þessar rapparatýpur sem að eru bara ekkert þeir, þeir eru bara með einhverja hellaða grímu þú veist eins og allt snúist bara um einmitt peninga og gellur og eitthvað svona. Ég vildi bara óska þess að það myndi bara koma bylgja af mjög svona wholesome feminískum týpum sem þora að vera heiðarlegir í samskiptum. Það er það sem ég vona. En jú mér finnst vera ákveðin bylgja núna sem mér finnst mjög slæm, ég viðurkenni það alveg. En allavega minn hópur af áhrifavöldum, þeir eru yndislegir bara yndislegir. Gummi Kíró, ég dáist af honum sem karl influencer og hann er líka bara besti gaur í heimi. Ég er mjög selectívur um hvern ég vel að hafa í kringum mig og það eru líka bara þeir sem að ég followa. En ég vona að þetta þróist allt á fallegan máta.

Sp 13: Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi samstarf við fyrirtæki sem áhrifavaldur?

Helgi: Nei þetta er meira kannski bara að þeir sem að verða áhrifavaldar, þetta þarf að vera hugsjón. Ef að ég vinn sem ráðgjafi fyrir fyrirtæki, hvernig er hægt að gera eitthvað sem að gæti virkað. Þetta er líka ógeðslega mikil vinna og þeir sem að vilja bara frítt eða þetta hugtak að fá eitthvað frítt, það er ekkert frítt, það er oft ásetningurinn að vilja bara fá eitthvað frítt og þessu fylgir oft mjög mikið entitlement. Það finnst mér vera mjög algengt hjá mörgum að þeir eru bara í keppni við aðra og að brjóta aðra niður af því að þessi fær eitthvað. Þessi influencer heimur, hann er ekkert slæmur en hann er samt líka bara oft eitthvað svona hvað er málið? Ég hef séð manneskjur sem

eru bara dúllur en svo horfi ég á þær með bara geðveikt mikið entitlement, eða upplifi entitlement frá þeim. Það finnst mér bara vera sjúklega mikið turnoff, bara kaupi það ekki, fíla það ekki og hef ekki áhuga á því. Af því að vera í þessari vinnu er algjör forréttindastaða, 100%. En þetta er ógeðslega gaman en ég vinn samt allan daginn og ég vinn allra daga. Þú veist þetta er ekki þannig að ég fer í tveggja vikna frí, þú ert alltaf að skila, það er alltaf eitthvað sem þú gleymir, það er alltaf eitthvað sem þú þarft að halda uppi. Þú ert bara svona eins manns auglýsingaskrifstofa og það fellst alveg ógeðslega mikið í því. Enn og aftur, algjör forréttindastarf.

Rakel: Þú sagðir að þú værir með aðra vinnu, hvernig ertu að skipta þessu á milli prósentalega séð?

Helgi: Úff ég er með svo mikið. Ég er ljósmyndari og þú tekur myndirnar í einn dag svo ertu kannski að vinna myndirnar í tvo eða þrjá daga. Það að vera áhrifavaldur er kannski svona auka starf af því að ég elska að vinna með mínum kúnum og tékka hvað við getum gert og koma með hugmyndir, það er það sem drífur mig áfram. Svo þarf ég að taka myndirnar og efnið og það er allt í lagi og bara gaman. Svo er ég með hlaðvarpið og svo er ég ráðgjafi hjá kannski heildsölum þar sem ég hitti vörumerkjastjóra og þeir spyrja mig hverjum ætti ég að vinna með, hvað gætum við gert sem væri kúl og bla bla bla þá rukka ég bara fyrir tímann. Ég geri bara það sem mér finnst gaman en það gerir það líka að verkum að ég vinn aldrei, ég er bara að leika mér. Í hausnum mínum þá vinn ég aldrei, ég er alltaf bara að leika mér.

Rakel: Það er draumurinn.

Helgi: Það er draumurinn og allir eiga að geta gert það, bara vá hvað mér finnst það gaman. Það er svona markmiðið í lífinu. Þess vegna eins ég segi ég er fullmeðvitaður um að þetta er allt. En á sama tíma líka þá er ekkert frítt. Segjum að þið eigið skartgripalínu, kostar kannski 1.200kr. að gera hring og þú selur hann á 5.000kr. svo eru kassarnir og allt það. Þú gefur svo einhverjum fjóra hringa, eitt hálsmen, tvö armbönd, þetta er alltaf að fara kosta. Þess vegna er ekkert frítt og það er engin ánægja í því að fá eitthvað frítt. Ef ég kaupi mér krem fyrir 1.200kr. þá finnst mér það geðveikt. En ef ég fæ 67.000kr. krem þá missi ég eitthvað í hausnum og það er heldur ekki gaman. Ég hef farið í samstarf með fyrirtæki sem ég borðaði ógeðslega mikið og þau voru að sponsa podcastið mitt og ég átti að sýna product placement og eitthvað. Ég elskaði þetta sem ég var að auglýsa, en eftir að ég fór að vinna með þeim þá hætti ég að borða þetta. Þetta er alls konar og þess

vegna þarf ég að passa mig ógeðslega mikið að í hvert einasta skipti sem ég fæ eitthvað sent til mín sem ég fíla. Eins og NOCCO, ég þurfti ekki að borga fyrir hann og ég verð að vera þakklátur fyrir stöðuna sem ég er í og þetta hefur líka stækkað mig sem manneskju að setja markvisst þakklæti í það sem ég er að gera og að fólk vilji gefa mér eitthvað. Eins og þessi gleraugu sem ég er með, ég er í samstarfi við Optical Studio og þessi gleraugu kosta 60.000kr. og ég á ekkert alltaf 60.000kr. til þess að kaupa mér gleraugu, ég þarf kannski að nota það í eitthvað annað. Þannig það að ég eigi þessi gleraugu, ég þarf að passa mig á að horfa á þau og segja við sjálfan mig að ég er þakklátur að vera í þeirri stöðu að Optical Studio vill vinna með mér og láta mig fá þessi gleraugu og fæ borgað líka. Þetta er líka mjög mikilvægur partur að það er ekkert frítt og lífið þitt breytist ekkert ef þú færð eitthvað frítt. Ef þú færð eitthvað verandlegt, ef ég gefi ykkur Prada úlpu eða Burberry tösku, þið mynduð fatta að þetta gerir ekkert fyrir ykkur. Þetta hefur engin áhrif, það er bara ef þú setur ásetning í að vera þakklátur fyrir það. Það er mjög stór punktur, að í rauninni það er auðvelt að finna fyrir entitlement en þú vilt ekki fara þangað. Þetta er gaman, en það er ekkert gaman ef þú ert ekki bara alltaf í þakklæti og stilla hausinn þannig að þú sért hamingjusamur. Það er the secret to enjoying your work, sama hvað það er.

Rebekka: Þú ert mjög mikið að fókusera á andlegu hliðina, finnst þér þessi vinna einhvern tíman hafa slæm áhrif á þig því þetta er svo mikið social media.

Helgi: Já nema það sem ég geri er ég er líka soldið ADHD tútta þess vegna á ég það til að fresta og þá kemur bara streita en ef mér líður illa þá get ég sagt frá því. Það er það sem ég geri á samfélagsmiðlum. Ég get bara verið heiðarlegur um hver ég er og þetta er ákveðið outlet, ákveðin dagbók og ég er það heppin að allir fylgjendurnir mínir eru ógeðslega næs. Ég fæ voða sjaldan, ég fæ það svo sannarlega, en fæ mjög sjaldan svona skíta komment. Þess vegna er ég bara berskjaldaður innan starfsins míns, mér finnst það líka bara vanta í starfi yfir höfuð að fá að vera berskjaldaður. Sama hvar þið munið vinna í framtíðinni, ef þú átt bara að vera einhver vinnumaskína, þá er þetta ekkert gaman. Þá ertu ekki að gera hlutina rétt. Ég er geðveikt svona af hverju erum við ekki bara með andlegu daga og eitthvað svona. Ef þú ert á hræðilegum stað andlega, og þú ert að vinna fyrir mig og hringir „hæ ég á inni tvo andlega daga á mánuði, ég ætla að nýta hann núna“. Flott, gerðu það. En mér finnst það bara vera að það eina sem skiptir máli er að líða vel.

Appendix H: Chi-Square Tests

Table H1

Are you following any influencers on social media?

	Value	df	Asymptotic Significance (2-sided)	Exact Sig. (2-sided)	Exact Sig. (1-sided)
Pearson Chi-Square	50.100 ^a	1	<.001		
Continuity Correction ^b	48.578	1	<.001		
Likelihood Ratio	51.954	1	<.001		
Fisher's Exact Test				<.001	<.001
Linear-by-Linear Association	49.963	1	<.001		
N of Valid Cases	366				

a. 0 cells (0.0%) have expected count less than 5. The minimum expected count is 65.66.

b. Computed only for a 2x2 table

Table H2

How much or little do you notice influencers advertising on social media?

	Value	df	Asymptotic Significance (2-sided)
Pearson Chi-Square	7.340 ^a	4	.119
Likelihood Ratio	7.358	4	.118
Linear-by-Linear Association	5.578	1	.018
N of Valid Cases	188		

a. 2 cells (20.0%) have expected count less than 5. The minimum expected count is 1.37.

Table H3

Have you ever familiarized yourself further with a product after seeing it advertised by an influencer?

	Value	df	Asymptotic Significance (2-sided)
Pearson Chi-Square	8.947 ^a	2	.011
Likelihood Ratio	9.250	2	.010
Linear-by-Linear Association	.187	1	.666
N of Valid Cases	188		

a. 0 cells (0.0%) have expected count less than 5. The minimum expected count is 8.23.

Table H4

How likely or unlikely are you to purchase a product advertised by an influencer?

	Value	df	Asymptotic Significance (2-sided)
Pearson Chi-Square	7.168 ^a	4	.127
Likelihood Ratio	7.664	4	.105
Linear-by-Linear Association	.133	1	.716
N of Valid Cases	188		

a. 2 cells (20.0%) have expected count less than 5. The minimum expected count is .46.

Table H5

Have you ever purchased a product that an influencer has advertised?

	Value	df	Asymptotic Significance (2-sided)
Pearson Chi-Square	9.588 ^a	2	.008
Likelihood Ratio	9.643	2	.008
Linear-by-Linear Association	9.029	1	.003
N of Valid Cases	188		

a. 0 cells (0.0%) have expected count less than 5. The minimum expected count is 9.15.

Table H6

To what extent do you agree or disagree with the following statement: An influencer has had an impact on my product choice.

	Value	df	Asymptotic Significance (2-sided)
Pearson Chi-Square	10.924 ^a	4	.027
Likelihood Ratio	11.194	4	.024
Linear-by-Linear Association	8.882	1	.003
N of Valid Cases	188		

a. 2 cells (20.0%) have expected count less than 5. The minimum expected count is 4.12.

Table H7

To what extent do you agree or disagree with the following statement: I believe that advertisements from influencers have an impact on my purchasing behavior.

	Value	df	Asymptotic Significance (2-sided)
Pearson Chi-Square	8.488 ^a	4	.075
Likelihood Ratio	8.573	4	.073
Linear-by-Linear Association	3.946	1	.047
N of Valid Cases	188		

a. 1 cells (10.0%) have expected count less than 5. The minimum expected count is 4.57.

Table H8

If an influencer who specializes in lifestyle and fashion were to advertise clothing, how likely or unlikely are you to purchase the product?

	Value	df	Asymptotic Significance (2-sided)
Pearson Chi-Square	13.831 ^a	4	.008
Likelihood Ratio	14.202	4	.007
Linear-by-Linear Association	10.333	1	.001
N of Valid Cases	188		

a. 2 cells (20.0%) have expected count less than 5. The minimum expected count is 2.29.

Table H9

If an influencer who specializes in makeup and hair were to advertise a television, how likely or unlikely are you to purchase the product?

	Value	df	Asymptotic Significance (2-sided)
Pearson Chi-Square	4.881 ^a	4	.300
Likelihood Ratio	5.303	4	.258
Linear-by-Linear Association	.863	1	.353
N of Valid Cases	188		

a. 2 cells (20.0%) have expected count less than 5. The minimum expected count is .46.